



Lokaverkefni til BA-prófs

Í félagsfræði

Viðhorf Íslendinga til kynhlutlausrar orðanotkunar

Félagsfræðileg rannsókn

Lilja Guðmundsdóttir

Leiðbeinandi Arnar Eggert Thoroddsen
Júní 2021



HÁSKÓLI ÍSLANDS

FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

FÉLAGSFRÆÐI-, MANNFRÆÐI-
OG ÞJÓÐFRÆÐIDEILD

Viðhorf Íslendinga til kynhlutlausrar orðanotkunar
Félagsfræðileg rannsókn

Lilja Guðmundsdóttir

Lokaverkefni til BA-gráðu í félagsfræði
Leiðbeinandi: Arnar Eggert Thoroddsen
12 einingar

Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands
Júní 2021

Viðhorf Íslendinga til kynhlutlausrar orðanotkunar

Félagsfræðileg rannsókn

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA í félagsfræði
og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Lilja Guðmundsdóttir, 2021

Reykjavík, Ísland, 2021

Útdráttur

Ritgerð þessi fjallar um viðhorf Íslendinga til kynhlutlausrar orðanotkunar (e. *gender-fair language*). Vitundarvakning um nýyrði fyrir kynsegin einstaklinga og kynhlutlausa orðanotkun, hófst í íslensku samfélagi þegar kynhlutlausa persónufornafnið hán kom fyrst fram árið 2013. Réttur málnotenda til að eiga rými í íslensku máli er mikilvægur enda er tungumálið ekki undanþegið jafnréttissjónarmiðum. Íslenskan er í sífelldri þróun og þarf að geta þjónað þörfum allra þegna samfélagsins. Kynhlutlaus persónufornöfn, notkun hvorugkyns lýsingarorða og nýyrði fyrir kynsegin einstaklinga eru dæmi um kynhlutlausa orðanotkun. Farið var yfir erlendar fyrri rannsóknir á kynhlutlausri orðanotkun, kenningar Michel Foucault um orðræðu og kenningar Judith Butler um kynjatvíhyggjuna, kyn og kyngervi.

Framkvæmd var meginþingleg rannsókn þar sem útbúin var viðhorfskönnun sem dreift var með hentugleika- og snjóboltaúrtaki. Alls fengust svör frá 1800 einstaklingum. Mikilvægt er að hafa í huga að áreiðanleiki niðurstaða er takmarkaður vegna úrtaksaðferðar og því ekki hægt að alhæfa niðurstöðurnar yfir á þýðið „Íslendingar“. Markmið rannsóknarinnar var skýrt og lagt var upp með eftirfarandi rannsóknarspurningu: Eru Íslendingar neikvæðir eða jákvæðir gagnvart kynhlutlausri orðanotkun og nýyrðum fyrir kynsegin einstaklinga? Svárið við rannsóknarspurningunni var, miðað við svör úrtaksins, að Íslendingar séu að meirihluta jákvæðir. Þar með stóðst fyrri tilgáta rannsakanda sem taldi að meirihluti úrtaksins myndi sýni jákvætt viðhorf. Seinni tilgáta rannsakanda stóðst einnig, sem ályktaði að munur væri á svörum eftir aldri og kyni. Í heildina á litið eru niðurstöðurnar jákvæðar og vonast rannsakandi til þess að sjá áframhaldandi þróun í málefnum kynhlutlausra orða og nýyrða.

Formáli

Verkefni þetta er metið sem lokaverkefni til BA gráðu í félagsfræði við Háskóla Íslands og telur 12 einingar. Ég vil byrja á því að þakka leiðbeinanda mínum, Arnari Eggerti Thoroddsen, fyrir mjög góða leiðsögn við þessa BA ritgerð. Hann var ávallt tilbúinn að hjálpa mér, var hvetjandi og kom með góðar athugasemdir sem bættu ritgerðina. Sérstakar þakkir hlýtur móðir mín, Dóra Magnúsdóttir, fyrir ómetanlegan stuðning og yfirllestur á málfari ritgerðarinnar. Auk þess langar mig að þakka Magneu Haraldsdóttur fyrir aðstoð við yfirllestur á tölfræðihluta rannsóknarinnar og Sólveigu Daðadóttur fyrir yfirllestur á hinsegin orðaforða ritgerðarinnar. Námið við háskólann hefur reynst mér dýrmætt, þau vináttubönd sem ég hef bundist, sá lærdómur sem kennarar í félagsfræði hafa miðlað og skrif lokaverkefnisins eru ógleymanleg. Takk fyrir mig.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
Formáli.....	5
Efnisyfirlit.....	6
Myndaskrá	7
Hugtakaskrá	9
Inngangur.....	12
1 Mikilvægi kynhlutlausrar orðanotkunar.....	14
2 Kenningar og fræðileg umfjöllun	17
2.1 Félagsfræðilegt sjónarhorn.....	17
2.1.1 Málfræðilegur skilningur	17
2.1.2 Kenningar Michel Foucault um orðræðu	20
2.1.3 Kenningar Judith Butler um kynjatvíhyggjuna, kyn og kyngervi	21
2.2 Fyrri rannsóknir.....	23
2.2.1 Áhrif tíma á viðhorf til kynhlutlausrar orðanotkunar	23
2.2.2 Áhrif breytna á viðhorf til kynhlutlausrar orðanotkunar	24
3 Aðferðafræði	26
4 Greining gagna	28
4.1 Spurningarnar	28
4.2 Úrtakið	29
4.3 Hugtök og notkun nýyrða	32
4.4 Notkun á persónufornafninu Hán.....	33
4.5 Notkun á kynhlutlausum orðum.....	35
4.6 Staðhæfingar.....	38
4.7 Opin svör.....	43
4.7.1 Dæmi um opin svör.....	45
5 Niðurstöður	47
6 Lokaorð.....	50
Heimildaskrá	52
Viðauki 1	54

Myndaskrá

Mynd 1: Niðurstöður úr spurningunni: <i>Hvert er kyn þitt?</i> Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.	30
Mynd 2: Niðurstöður úr spurningunni: <i>Hvað ert þú gamall/gömul/gamalt?</i> Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.....	31
Mynd 3: Niðurstöður úr spurningunni: <i>Hvað er hæsta menntunarstig sem þú hefur lokið?</i> Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.	31
Mynd 4: Niðurstöður úr Spurningunni: <i>Hér er listi yfir hinsegin hugtök og kynhlutlaus nafnorð og persónufornöfn. Hvaða hugtak þekkir þú og skilur hvað það þýðir? Velja má fleira en eitt svar.</i> Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.	32
Mynd 5: Niðurstöður úr spurningunni: <i>Ef einstaklingur myndi biðja þig um að nota persónufornafnið „hán“ um sig, myndir þú gera það?</i> Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.....	33
Mynd 6: Niðurstöður úr spurningunni: <i>Ef einstaklingur myndi biðja þig um að nota persónufornafnið „hán“ um sig, myndir þú gera það?</i> Svör eftir kyni, sem hlutfall af svörum hvers hóps.	34
Mynd 7: Niðurstöður úr spurningunni: <i>Ef einstaklingur myndi biðja þig um að nota persónufornafnið „hán“ um sig, myndir þú gera það?</i> Svör eftir aldurshópum, sem hlutfall af svörum hvers aldurshóps.....	35
Mynd 8: Niðurstöður úr spurningunni: <i>Finnst þér flókið að nota rétt orð fyrir einstakling sem skilgreinir sig utan hefðbundinnar kynjatvíhyggju þ.e.a.s. kona eða karl?</i> Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.	36
Mynd 9: Niðurstöður úr spurningunni: <i>Finnst þér flókið að nota rétt orð fyrir einstakling sem skilgreinir sig utan hefðbundinnar kynjatvíhyggju þ.e.a.s. kona eða karl?</i> Svör eftir kyni, sem hlutfall af svörum hvers hóps.	37
Mynd 10: Niðurstöður úr spurningunni: <i>Finnst þér flókið að nota rétt orð fyrir einstakling sem skilgreinir sig utan hefðbundinnar kynjatvíhyggju þ.e.a.s. kona eða karl?</i> Svör eftir aldurshópum, sem hlutfall af svörum hvers aldurshóps.	38
Mynd 11: Niðurstöður fyrir staðhæfinguna: <i>Einstaklingar sem skilgreina sig öðruvísi en karl og kona eru að flækja íslenskt mál.</i> Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.	39
Mynd 12: Niðurstöður fyrir staðhæfinguna: <i>Mér finnst óþægilegt að nota kynhlutlaus orð vegna þess að ég er hrædd/ur/tt um að gera mistök og særa viðkomandi.</i> Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.....	40
Mynd 13: Niðurstöður fyrir staðhæfinguna: <i>Ég vil læra meira um kynhlutlausa orðanotkun og hugtök.</i> Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.	41

Mynd 14: Niðurstöður fyrir staðhæfinguna: <i>Ég myndi ávallt reyna mitt besta ef að einstaklingur biður mig um að nota kynhlutlausa orðanotkun við/um sig.</i> Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.....	42
Mynd 15: Niðurstöður fyrir staðhæfinguna: <i>Ég skil kynhlutlaus nýyrði og af hverju þau eru til.</i> Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.	43
Mynd 16: Niðurstöður fyrir spurninguna: <i>Að lokum, er eitthvað sem þú vilt bæta við um kynhlutlausa orðanotkun?</i> Opin svör. Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.	44

Hugtakaskrá

Í ritgerð þessari er notast við hinsegin hugtök og orðaforða. Gott er að skilja þessi hugtök vel til að forðast allan misskilning. Hér eru örstuttar skýringar á helstu hugtökum hinseginleikans sem viðkoma kynverund auk nýrra orða sem fram komu í nýyrðasamkeppni Samtakanna '78 árin 2015 og 2020. Hugtök þessi eru í þróun og eiga misjafnan sess í íslensku máli. Finna má enska merkingu í sviga aftan við viðeigandi hugtök. Stuðst var við eftirfarandi gagnabanka og vefsíður þegar hugtakaskráin fyrir þessa ritgerð var sett saman: attavitinn.is, otila.is, intersex.samtokin78.is, trans.samtokin78.is/ordalisti og Instagramreikning Samtakanna '78.

Algerva (e. pangender): Notað yfir kynvitund þeirra sem upplifa sig sem öll kyngervi. Sum upplifa sig sem öll kyngervi í einu en sum fljóta á milli (sjá: Flæðigerva).

Bur: Orðið bur getur komið í stað dóttir/sonur fyrir kynsegin einstakling. Það er komið af sama stofni og „að bera“ og „barn“ en er ekki bundið karlkyni nema málfræðilega. Fólk með hlutlausa kynskráningu gefst þess kostur að sleppa kyngreiningunni -dóttir og -son úr kenninafni og taka upp endinguna -bur í staðinn.

Dulkynja/ Vífguma (e. androgynous): Orðið er notað fyrir kyntjáningu einstaklings sem fellur ekki að kvenkyns eða karlkyns kyntjáningu. Dulkynja snýr að útliti, hegðun og tjáningu. Dulkynja einstaklingar geta verið með hvaða kynvitund sem er. Orðið er oft notað af fólki sem er kynsegin og reynir að tjá kyn sitt á hátt sem er ekki auðlæsilegur öðru fólki.

Eigerva/ ógerva (e. genderless/ agender): Einstaklingur sem samsvarar sig ekki neinu kyni.

Flæðigerva (e. gender fluid): Kynvitund sem breytist eða er fljótandi milli mismunandi kyngerva, kyntjáningar og kynvitundar. Getur breyst reglulega eða óreglulega og eftir ólíkum þáttum.

Hán (e. they, them): Dæmi um persónufornafn fyrir kynsegin einstaklinga eða fólk sem kys ekki að nota persónufornöfnin „hann“ eða „hún“. Til eru fleiri íslensk persónufornöfn eins og t.d. hín og hé. Hán beygist í et. hán - hán - háni - háns og í ft., þau - þau - þeim - þeirra.

Hinsegin (e. *queer*): Upphaflega níðorð yfir LGBTQIA+ einstaklinga (LGBTQIA+ stendur fyrir lesbíur, homma, tvíkynhneigða, trans, hinsegin, intersex, eikynhneigða og fleiri). Núna er hugtakið notað sem regnhlífarhugtak yfir einstaklinga sem falla einhvern veginn utan hins „hefðbundna“.

Intersex: Einstaklingur sem er með ódæmigerð líffræðileg kynneinkenni. Intersex einstaklingur fellur því ekki að ríkjandi hugmynd um líkamlegt kyn. Flestar intersex manneskjur samsama sig því kyni sem þær voru aldar upp í, en geta hins vegar haft hvaða kynvitund sem er. Markkynja/díadískur eru hugtök sem notuð eru yfir fólk með dæmigerð kynneinkenni.

Kvár (sbr. *kona, karl*): Nýyrði og ókyngreint nafnorð fyrir fullvaxta manneskju. Fallbeyging í et. án greinis er: kvár, kvár, kvári, kvárs. Í et. með greini er það: kvárið, kvárið, kvárinu, kvársins. Í ft. án greinis er það: Kvár, kvár, kvárum, kvára og með greini er það: kvárin, kvárunum, kváranna.

Kynami (e. *gender dysphoria*): Hugtak sem lýsir þeirri tilfinningu sem skapast þegar kynvitund einstaklings stangast á við líkamleg kynneinkenni. Áður fyrr var talað um kynáttunarvanda (e. *gender identity disorder*) transfólks og var greiningin flokkuð sem geðsjúkdómur. Þá er kynami sú sálfræðilega greining sem transfólk er greint með til að komast í læknisfræðilegan hluta kynleiðréttingarferlisins.

Kyngervi (e. *gender/gender role*): Kyngervi er hið félagslega mótaða kyn en ekki hið líffræðilega kyn. Það sem samfélagið túlkar og ætlast til af körlum og konum í samræmi við kynjanorm hverju sinni.

Kynjakerfi (e. *gender system*): Kynjakerfið fjallar um ríkjandi norm í samfélaginu hvað varðar kyn, kyngervi og kynhneigð. Það byggir á kynjatvíhyggju sem vísar til þess að það séu aðeins til tvö kyn: karl og kona. Samkvæmt því búa karlar yfir karlmennsku og konur yfir kvenleika.

Kynjanorm (e. *gender norms*): Kynjanorm eru óskrifaðar reglur innan samfélaga og hugmyndir fólks um „réttu“ hegðun kynjanna.

Kynjatvíhyggja (e. *binary gender*): Sú hugmynd að það sé einungis tvö kyn, kona og karl.

Kyntjáning (e. *gender expression*): Hvernig einstaklingurinn tjáir kyn sitt, hvort sem það er með klæðnaði, fasi eða almennu háttalagi. Oft talað um kvenlega eða karlmannlega kyntjáningu.

Kynsegin/ Frjálsgera (e. *non-binary, genderqueer*): Einstaklingar sem skilgreina sig utan kynjatvíhyggjunnar eru stundum kallaðir kynsegin. Sumt fólk upplifir sig sem karla, annað sem konur og sum upplifa sig sem blöndu af hvoru tveggja eða hvorugu. Kynsegin er hugtak sem lýsir ekki líffræðilegum kyneinkennum fólks heldur upplifun þeirra af kynvitund og kyngervi sínu. Kynsegin er notað sem regnhlífarhugtak fyrir t.d. tvígerva, algerva, flæðigerva, eigerva og fleiri kynvitundir og -gervi. Nýyrði fyrir kynsegin einstakling er nafnorðið kvár.

Kynvitund (e. *gender identity*): Upplifun einstaklinga af eigin kyni. Ólíkt kyntjáningu því kynvitund er huglæg og er ekki sýnileg öðrum. Einstaklingurinn sjálfur er sá eini sem getur sagt til um hver hún er.

Kærast/ Unnust: Nýyrði og ókyngreind orð í stað kærasti/kærasta eða fyrir trúlofaða einstaklinga.

Líffræðilegt kyn / úthlutað kyn: Lýsir kyneinkennum einstaklings við fæðingu.

Mágkvár/Svilkvár: Nýyrði og ókyngreint orð í stað mágkonu/mágur og svilkonu/svili. Fallbeygist eins og nafnorðið kvár.

Stálp (sbr. *stelpa, strákur*): Nýyrði og ókyngreint orð um ungmenni. Fallbeyging í et. án greinis er: stálp, stálp, stálpi, stálps. Í et. með greini er það: stálpið, stálpið, stálpinu, stálpsins. Í ft. án greinis er það: stálp, stálp, stálpum, stálpa og með greini er það: stálpín, stálpín, stálpunum, stálpanna.

Sís/sískynja (e. *cisgender*): Þegar einstaklingur er sískynja þá samræmist kynvitund einstaklingsins því kyni sem viðkomandi fékk úthlutað við fæðingu.

Trans (e. *transgender*): Þegar einstaklingur er trans þá er kynvitund á skjön við það kyn sem viðkomandi fékk úthlutað við fæðingu. Hugtakið trans er regnhlífarhugtak og nær yfir m.a. transkarla og transkonur, fólk sem fer í leiðréttingaraðgerðir, fólk sem kys að fara ekki í aðgerðir og kynsegin fólk.

Tvígerva (e. *bigender*): Fólk sem skilgreinir sig sem tvö kyn. Tvígerva einstaklingar eru oft með fljótandi kynvitund sem færir á milli þeirra tveggja kynja sem það skilgreinir sig sem.

Þriðja kynið: Þegar einstaklingur samsamar sig ekki við hefðbundnar skilgreiningar á kyngervi karla og kvenna heldur annars kyngervis.

Inngangur

Vitundarvakning um nýyrði fyrir kynsegin einstaklinga og kynhlutlaus orðanotkun, hófst í íslensku samfélagi þegar kynhlutlaus persónufornafnið hán kom fyrst fram árið 2013 (Alda Villiljós, 2013). Nú, árið 2021, er persónufornafnið komið inn í íslenska orðabók, almenn umræða er að aukast og nýyrði tengd margbreytileika kynjanna að komast inn í daglegt mál. Umræðan er bæði jákvæð og neikvæð. Margir Íslendingar eru jákvæðir fyrir þróun íslenskunnar á meðan öðrum finnst hún flækja málið og jafnvel vera óþarfi. Rannsakandi og höfundur þessarar ritgerðar vildi athuga þetta, hvert viðhorf Íslendinga séu í raun. Eru háværar fordómafullar raddir að hafa áhrif eða byggist umræðan á skilningsleysi og fáfræði um málefnið? Ritgerð þessi fjallar ekki um það af hverju einstaklingar eru kynsegin heldur hvernig Íslendingar eru að taka í þessa nýju þróun á máli og hugsun.

Einstaklingar sem skilgreina sig hvorki sem karl né kona eiga oft erfitt með að finna sig velkomna í íslensku máli, þá sérstaklega málfræðilega því þau rekst á veggi kynjaðs tungumáls (Ingileif Friðriksdóttir, 2019). Í íslensku eru öll nafnorð og lýsingarorð kynjuð og oftast enn ekki eru persónufornöfnin, hann og hún, einungis notuð. Hann og hún vísa til karlkyns og kvenkyns og eiga því ekki við um alla íbúa samfélagsins enda fjölmörg orð í hinsegin orðaforða sem hafa ekki fengið íslenska þýðingu (Samtökin '78, 2015). Samtökin '78 stóðu fyrir nýyrðasamkeppni árin 2015 og 2020 þar sem þau hvöttu samfélagið til þess að þróa með þeim tungumálið. Í samkeppninni 2020 var lögð áhersla á að finna nýyrði fyrir kynsegin einstaklinga. Niðurstöður voru kynntar þann 21. janúar 2021. Þá vakti nafnorðið kvár sérstakan áhuga rannsakanda þar sem það bætist við orðin kona og karl (kona, karl, kvár) og er því ókyngreint nafnorð um fullvaxta manneskju. Nú er hægt að segja á góðri íslensku „hán er kvár“ rétt eins og „hann er karl/hún er kona“. Nýyrði sem þessi eru spennandi málþróun að mati rannsakanda og mikilvægt er að fræða Íslendinga um málefnið.

Rannsakandi útbjó spurningakönnun sem bar heitið „Viðhorf Íslendinga til kynhlutlausrar orðanotkunar“. Í ritgerð þessari verður farið yfir svipaðar rannsóknir í Evrópu, kenningar um orðræðu og kynjatvíhyggju kynntar og einnig verða niðurstöður rannsóknar kynntar. Þegar rannsóknin var gerð voru niðurstöður úr nýyrðasamkeppninni, Hýrýrði 2020, nýkynntar og því þótti rannsakanda nýyrðin og kynhlutlaus orðanotkun (e.

gender-fair language) vera nýtt og áhugavert rannsóknarefni. Rannsakandi taldi að gott væri að sjá tölfræðilegar niðurstöður á því hvert viðhorf Íslendinga væri til þess að útkljá þá óvissu sem ríkti um þetta viðhorf. Rannsakandi telur að hún sjálf búi í bergmálshelli þar sem skoðanir séu almennt mjög einsleitar um málefnið. Því sé mikilvægt að bjóða fólki upp á að segja skoðun sína nafnlaust. Rannsakandi hefur sjálf reynslu af því að tala við og um kynsegin einstakling og átta sig á því að það er auðvelt að gera ómeðvituð mistök í málfari sínu og að þessi málþróun tekur tíma að venjast. Viðhorf Íslendinga skipta sköpum á þeirri vegferð, hvort að þátttakendur sýni vilja og séu jákvæðir til þess að nota kynhlutlaus orð eða ekki.

Rannsóknarspurningin er því hvort að Íslendingar séu neikvæðir eða jákvæðir gagnvart kynhlutlausri orðanotkun og nýyrðum fyrir kynsegin einstaklinga. Fyrri tilgáta þessarar rannsóknar gengur út frá að meirihluti úrtaksins muni sýna jákvætt viðhorf gagnvart kynhlutlausri orðanotkun. Seinni tilgáta rannsakanda er sú að úrtakið muni sýna mun á svörum þegar kyn og aldur eru skoðuð. Rannsakandi telur, miðað við fyrri rannsóknir, að þeir sem yngri eru, séu jákvæðastir. Það sama eigi við um konur og kynsegin einstaklinga/kvár.

1 Mikilvægi kynhlutlausrar orðanotkunar

Í íslensku samfélagi er nánast öllu skipt í tvennt út frá viðmiðinu um karla eða konur. Það á sérstaklega við um tungumálið okkar. Þegar barn kemur í heiminn hefst strax ákveðin skilgreining og mótun á því hvernig barnið mun upplifa kyngervi sitt. Einstaklingar með ódæmigerða kyntjáningu eiga oft erfitt með að finna sig velkomna í íslensku tungumáli og þá sérstaklega málfræðilega (Ingileif Friðriksdóttir, 2019). Í íslensku eru öll nafnorð og lýsingarorð kynjuð og oftar en ekki eru persónufornöfnin, hann og hún, einungis notuð. Orðið það hentar ekki sem persónufornafn en það þykir hlaðið neikvæðri merkingu og á betur við um hluti en fólk („Það kýs enginn að vera kallaður „það““, 2016). Einstaklingar sem skilgreina sig utan kynjatvíhyggjunnar eru stundum kallaðir kynsegin manneskja eða nú með nýja nafnorðinu, kvár. Sumt fólk upplifir sig sem karla, annað sem konur og sum upplifa sig sem blöndu af hvoru tveggja eða hvorugu. Kynsegin einstaklingar eru einungis nýlega komnir með orðaforða til þess að uppræta kynjatvíhyggjuna sem hefur þar til nú verið ríkjandi í íslensku máli.

Árið 2013 skrifaði Alda Villiljós fyrstu greinina í íslenskum fjölmiðlum um persónufornafnið hán. Notkun persónufornafnsins hefur aukist töluvert síðan þá. Hægt er að nota persónufornafnið um kynsegin einstakling og ótilgreinda persónu. Dæmi um þetta væri t.d. ef einstaklingur spyr um maka einhvers „Hvað ætlar þú að gefa háni í jólagjöf?“ en með þessu væri ekki verið að giska á kynvitund viðkomandi heldur einfaldlega gefa í skyn að hann veit ekki fornöfn viðkomandi. Svipuð persónufornöfn eru hé og hín („Hinsegin frá Ö til A“, 2021). Í greininni, *Hán – nýtt persónufornafn?*, nefnir Alda Villiljós hvernig persónufornafnið kemur að einhverju leyti, frá sænska persónufornafninu hen. Alda Villiljós hugsar og talar um sjálft sig í hvorugkyni og notar persónufornafnið hán (Alda Villiljós, 2013). Alda Villiljós hafði búið í Svíþjóð um tíma, en hán segir hér:

Það er nefnilega ekki til neitt persónufornafn á íslensku, svo að ég viti til, sem er hægt að nota á sama hátt og ensku fornöfnin og hið sænska. Ég gæti jú notað „það“, en ég er ekki vitsmunalaus hlutur; ég er manneskja og finnst það bæði særandi og niðurlægjandi að vera kallað „það“ (Alda Villirós, 2013).

Tungumálið okkar og sjálfsmynd eru ekki ótengd fyrirbæri. Vanda verður til máls enda augljóst að orðið það hefur að geyma neikvæða merkingu í hugum fólks („Það kýs enginn að vera kallaður „það““, 2016).

Samtökin '78 stóðu fyrir nýyrðasamkeppni árin 2015 og 2020. Samtökin vöktu athygli á því að fjölmörg orð í hinsegin orðaforða höfðu ekki fengið íslenska þýðingu. Það er mikilvægt fyrir hinsegin einstaklinga að geta tjáð sig um hinsegin reynslu og geta talað við aðra á móðurmáli sínu (Samtökin '78, 2015). Orðunum er ekki ætlað að koma í stað einhverra orða eða útrýma öðrum orðum, heldur bætast þau við. Mikilvægt er þó að nefna að orðin sem hér eru nefnd eru aðeins tillögur og nauðsynlegt er að hlusta á hvað kynsegin einstaklingar vilja sjálfir vera kallaðir (Samtökin '78, 2021). Nýyrðin, eða hýrýrðin, árið 2015 voru skipt niður í nokkra flokka. Í flokki ókyngreindra frændsemisorða voru til dæmis nafnorðin kærast og unnast sem koma í stað kærasti/kærasta og unnusta/unnusti. Í flokki um kyntjáningu voru tvær tillögur sem stóðu upp úr yfir enska hugtakið „androgynous“. Það voru orðin dulkynja og vífguma. Dulkynja lýsir því þegar kyn einstaklings er óljóst og vífguma er ljóðræn íslenskun sem vísar í samtönnun karl- og kvenlegra eiginleika. Í flokki um kynvitund voru sendar inn tillögur að ensku hugtökunum bigender og genderfluid. Það voru orðin tvígerva og flæðigerva. Þá enda bæði orðin á viðskeytinu -gerva sem vísar til orðsins kyngervi (e. *gender*). Þá er hægt að nýta endingar viðskeytið fyrir fleiri orð, til dæmis, orðin algerva (e. *pangender*), frjálsgerva (e. *non-binary*) og eigerva/ógerva (e. *agender*). Viðskeytið -gerva hefur að auki þann kost að það kynbeygist ekki, sem þýðir að orðin eru kynhlutlaus og frávik frá kynjatvíhyggjunni (Samtökin '78, 2015).

Í Nýyrðasamkeppni, Hýrýrði 2020, var áhersla lögð á þau orð sem tengjast kynsegin fólki og kynhlutlausu máli. Samtökin '78 unnu í samstarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, ásamt því að leitast eftir áliti þeirra hópa sem orðunum var beint að. Nýyrðasamkeppnin gekk út á að finna lausn fyrir orðin kona/karl en þar var mælt með orðinu kvár. Orðið kvár er þá heppilegt sem kynhlutlaust nafnorð um fullvaxta manneskju. Sömuleiðis var leitað eftir orði fyrir stelpa/strákur, ekkja/ekkill, mágur/mággkona og svili/svilkona. Orðið stálp (sbr. stelpa/strákur) þótti sniðugt enda tengist það lýsingarorðinu stálpaður og hljómar því kunnuglega. Orðin mággkvár og svilkvár voru valin sem kynhlutlaus frændsemisorð. Þá bætti dómnefnd við, að hægt væri að bæta við nafnorðinu kvár aftan við önnur orð. Þessi aðferð gæti jafnframt reynst vel þegar seinni hluti samsetts orðs er -kona og/eða -maður. Ekki fannst nýyrði fyrir nafnorðið ekkja/ekkill.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir er formaður Samtakanna '78 og sat í dómnefnd fyrir nýyrðasamkeppnina árið 2020. Hún sagði í viðtali við Fréttablaðið að nauðsynlegt hafi verið að fá ný orð fyrir kynsegin einstaklinga. Skipuleggjendur keppinnar Hýrýrði 2020 fengu til liðs við sig fólk úr hinsegin samfélaginu sem og málfræðinga til þess að dæma í keppninni. Íslenska persónufornafnið hán var búið til fyrir átta árum en það hefur gjarnan verið notað líkt og nafnorð. Nú er hægt að segja: „Blær er kvár og hán er skemmtilegt“ en ekki „Blær er hán og hán er skemmtilegt“ enda rangt að taka þannig til orða. Þorbjörg leggur áherslu á að með nýyrðasamkeppninni hafi myndast ný orð sem eftirspurn var eftir. Hún nefnir að enskan eigi líka langt í land enda ekki til orð líkt og kvár. Þá sé heldur notað „gender queer person“. Þorbjörg segir að mikilvægt sé að geta notað íslensk orð til að lýsa raunveruleika hinsegin fólks (Lovísa Arnardóttir, 2021).

Að vera hinsegin var fyrst notað sem níðorð yfir LGBTQIA+ einstaklinga. Hugtakið var umdeilt en er nú regnhlífahugtak. Það hefur þann kost að vera sameinandi fyrir ólíka einstaklinga sem falla ekki inn í hefðbundna notkun tungumálsins. Á Íslandi er barátta hinsegin einstaklinga fyrir jafnrétti áhrifarík en ekki má gleyma því að enn finnast fordómar í samfélaginu. Sem dæmi má nefna geta kynsegin börn upplifað fordóma frá allt að þriggja ára aldri (Brill og Pepper, 2019). Valdbeiting á tungumálinu er dæmi um fordóma héraendis. Fyrir árið 1992 mátti Ríkisútvarpið, til dæmis, ekki auglýsa eða nota orð eins og hommi og lesbía. Þá áttu orðin hómi og lespa að vera notuð í staðinn vegna þess að þau voru „íslenskari“. Þetta var valdbeiting á tungumálinu frá fólki sem taldi sig vita betur (Guðrún Línberg Guðjónsdóttir og Kristján Friðbjörn Sigurðsson, 2019). Málstýringu sem þessa má enn sjá í dag, til dæmis, þegar kvartað er undan því að orð eins og intersex, trans og sís séu ekki íslensk. Það er hins vegar brýnt að fólk fræðist um málefni hinsegin fólks og sé opið fyrir breytingum á tungumálinu að mati rannsakanda.

2 Kenningar og fræðileg umfjöllun

Sýnileiki einstaklinga sem eru trans, intersex eða kynsegin hafa raskað hinum félagslega stöðugleika sem er byggður á kynjatyhyggju samfélagsins. Samfélagið gerir ráð fyrir því að það séu einungis tvö kyn og að kynvitund einstaklinga sameinist því líffræðilega kyni sem fólki er úthlutað. Þegar norm samfélagsins eru brotin og nýr veruleiki að myndast er vert að skoða hvað hefur áhrif á þá þróun og í þessum kafla mun rannsakandi einblína á fyrri rannsóknir, tungumálið og kenningar til að varpa ljósi á hana.

2.1 Félagsfræðilegt sjónarhorn

Íslenska tungumálið er flókið því hægt er að skoða sama orðið út frá mörgum sjónarhornum. Sem dæmi er orðið kyn en í málvísindum má nota það til að vísa til líffræðilegs kyns (e. *sex*), félagslegs kyngervis (e. *gender*) og þess sem heitir málfræðilegt kyn. Í ritgerð þessari er lögð áhersla á kynhlutlausu orðanotkun. Með því er verið að skoða nýyrði og persónufornafnið hán en einnig hvernig megi nota tungumálið með hvorugkyns beygingu. Erfitt er að segja til um hvort að t.d. öll nýyrðin sem finna má í hugtakaskránni séu í raun kynhlutlaus enda hafa öll misjafna merkingu. Hvernig tungumálið er notað, hvernig ráðandi orðræða er og hvort að öll finni sig velkomin í tungumálinu er dæmi um völd ríkjandi orðanotkunar. Hér á eftir verður farið yfir málfræðilegan skilning, kenningar um orðræðu og að lokum hver séu áhrif kynjatyhyggjunnar á kyn og kyngervi.

2.1.1 Málfræðilegur skilningur

Kyn í málfræði er margvíslegt. Kyn getur verið beygingarformdeild í orðflokkum, í orðasafnspáttum hjá nafnorðum og í þriðju persónu fornöfnum. Málfræðilegt kyn á við um málfræðilega flokkun orða. Kyn í tungumálum geta verið mismörg en sum tungumál greina frá 20 mismunandi kynjum en önnur greina alls ekki frá kynjum, eins og í tyrknesku og finnsku (Bussmann og Hellinger, 2001). Nafnorð í íslensku hafa fast kyn sem breytast ekki. Málfræðilegt raunkyn (eða merkingarlegt kyn) er í raun það sama og líffræðilegt kyn í málfræði. Hugtakið raunkyn er bundið við að vísa til líffræðilegs kyns verunnar, karlkyns eða kvenkyns, og því getur málfræðilega fyrirbærið hvorugkyn, ekki verið raunkyn. Dæmi um þetta er t.d. orðið kvenskörungur. Málfræðilegt kyn orðsins er karlkyn en raunkyn er kvenkyn. Nafnorð í íslensku geta því verið flókin í notkun þegar kemur að kynhlutleysi og eflaust verður málið aldrei fullkomlega kynhlutlaust. Málfræðin stjórnar ekki upplifun fólks en hefur vissulega sterk tengsl við líffræðilegt kyn. Með því að nota hvorugkynið eða

fleirtöluna í málinu er ekki verið að breyta íslenskunni heldur notkun hennar. Því má t.d. segja „öll velkomin“, „mörg mæla með“, „sum segja að“, „engin vilja að“, í stað karlkynsmyndunar orðanna sem er mun algengara.

Starfstitlar hafa verið í umræðunni vegna þess að mikill meirihluti íslenskra starfsheita er karlkyns. Kynhlutlaus starfstitill þar sem raunkyn er hvorugkyns eru t.d. orðin skáld og vísindafólk. Þá eru líka til starfstitlar sem henta öllum kynjum en raunkyn er karlkyn (mynduð með karlkynsviðskeytunum -ingur og -ari), t.d. fræðingur, þjálfari og ráðgjafi. Röksemdir hafa verið settar fram fyrir því að starfsheiti sem enda á orðinu -maður hafi kynhlutlausu merkingu vegna þess að það merkir einstaklingur af tegundinni *homo sapiens* og samkvæmt því eru konur líka menn. Þessu eru ekki öll sammála enda hefur það sömu merkingu og orðið karlmaður í daglegu tali. Starfsheiti sem eru kvenkyns eiga oftast við um konur t.d. hjúkrunarkona og flugfreyja. Að hafa bæði kvenkyns og karlkyns útgáfu af starfsheiti (t.d. stjóri og stýra) hefur litla þýðingu fyrir kynsegin einstakling. Ýmsar leiðir hafa verið notaðar til þess að finna orð án endinganna -maður/-kona og samsetningar af því í kynhlutlausu samhengi. Til dæmis hefur orðið manneskja/fólk verið notað og uppástunga um það að nota -menni (sbr. illmenni, ungmenni). Það er samt sem áður vandmeðfarið að breyta þessu enda karlkyns starfsheiti mörg og rótgróin í íslenskunni (Eiríkur Rögnvaldsson, 2021). Háværar raddir þeirra sem mótfallnir eru þessari þróun íslenskunar einkennast af ákveðinni íhaldssemi. Þau færa rök fyrir því að konur séu menn og að þessi breyting á málinu sé óþörf. Í opnu bréfi Völu Hafstað til útvarpsstjóra segir hún:

Frá aldaöldli hefur verið hefð fyrir því í íslensku að vísa til óskilgreindra hópa með töluorðum og fornöfnum í karlkyni, en talsmenn nýlenskunnar eru þessu andsnúnir, svo ekki er lengur talað um að þrír hafi verið handteknir, heldur þrjú, ekki minnst á þá sem brutu af sér, heldur þau, o.s.frv. [...] Þeir sem nýlenskunni beita afmynda tungumálið undir yfirsikni tiltekinnar hugmyndafræði, en um leið rýra þeir og raska hefðbundinni merkingu fjölmargra orða (Vala Hafstað, 2021).

Hér skrifar Vala Hafstað um nýyrði og kynhlutlausu orðanotkun sem nýlensku sem raskar og rýrir málið. Vala vill meina í grein sinni að fólk eigi að nota rétt málfar og síst að breyta því til að aðlagast kynhlutleysi (Vala Hafstað, 2021). Rannsakandi telur að hér vanti skilning á því að tilfinning fjölda kvenna og kynsegin einstaklinga sé að orðið maður og

karlkynsmyndir lýsingarorða vísi ekki til þeirra. Það má auðvitað deila um hvort taka eigi mark á og tillit til þessarar tilfinningar í málnotkun en það ætti ekki að gera lítið úr henni. Þau sem styðja við þá málfræðilegu forsendu að konur séu menn notast við þau rök að orðið maður hafi alltaf vísað til bæði karla og kvenna, þegar um blandaðan hóp er að ræða. Hinsvegar er orðið maður almennt ekki notað til að vísa til einnar konu og yfirleitt þegar fólk segir frá tilteknum manni er ekki átt við konu.

Með nýyrðasamkeppni Samtakanna '78 var verið að búa til nafnorð sem vantaði í tungumálið fyrir tiltekin hóp fólks. Nýyrðin sem dómnefnd mælti með úr keppnunum 2015 og 2020, eru nafnorðin bur, dulkynja, kvár, kærast, mágvár, stálp, unnast, vífguma (sjá skilgreiningar í hugtakaskrá). Lýsingarorð hafa hins vegar ekki fast kyn heldur ákvarðast kyn þeirra út frá þeim nafnorðum sem þau standa með. Því er auðveldara að nota málfræðileg hvorugkyn lýsingarorða heldur en nafnorða.

1. Maðurinn (kk.) er glaður (kk.). / Hann (kk.) er glaður (kk.).
2. Konan (kvk.) er glöð (kvk.)./ Hún (kvk.) er glöð (kvk.).
3. Barnið (hvk.) er glatt (hvk.)./ Það (hvk.) er glatt (hvk.).
4. Kvár/Stálp (hvk.) er glatt (hvk.)./ Hán (hvk.) er glatt (hvk.).

Dæmið hér að ofan sýnir hvernig lýsingarorð lagar sig að kyni nafnorða. Því er hægt að nota nýyrðin kvár og stálp í hvorugkyni með lýsingarorði í hvorugkyni.

Eiríkur Rögnvaldsson prófessor í íslenskri málfræði tekur fram á vefsíðu sinni nokkur atriði sem vert er að útskýra. Nýyrðin eru hvorugkynsorð og beygjast í samræmi við það. Eiríkur tekur fram að eflaust þyki fólki þessi orð hljóma undarlega en það sé eðlilegt. Það þurfi að venjast nýjum orðum og það tekur tíma að læra að nota þau. Eiríkur tekur fram í færslu sinni:

Í umræðunni hefur því verið haldið fram að það séu bara til tvö kyn, og þess vegna sé fráleitt að vera að búa til einhver orð til að vísa til einhvers sem er ekki til. Þetta er rangt. Í íslenskum lögum segir: „Sérhver einstaklingur nýtur [...] óskoraðs réttar til að skilgreina kyn sitt.“ Það er til fjöldi fólks sem skilgreinir sig hvorki sem karlkyns né kvenkyns og er í fullum rétti með það. Við þurfum að geta talað um og við það fólk - á íslensku (Eiríkur Rögnvaldsson, 2021).

Eiríkur nefnir sérstaklega að í íslenskum lögum sé það réttur einstaklinga að skilgreina kyn sitt. Þess vegna er það mikilvægt að við eigum orð til þess að geta talað um og við fólk sem skilgreinir kynvitund sína utan kynjatvíhyggjunar.

2.1.2 Kenningar Michel Foucault um orðræðu

Franski heimspekingurinn og félagsfræðingurinn Michel Foucault, rannsakaði hvernig valdhafar í samfélaginu móta orðræðu (e. *discourse*) hverju sinni. Foucault var einn áhrifamesti hugsuður á síðari hluta 20. aldar í sviði mann-og félagsvísinda. Meginkenningar hans snúa að tengslum valds og þekkingar í vestrænum samfélögum. Foucault fjallaði um það hvernig vald og þekking eru notuð í vestrænum samfélögum til þess að láta þegnanna sjálfa um að halda uppi aga heildarinnar (Foucault, 2005, bls. 27). Líkt og annað í menningunni er þekking félagslega mótuð og henni miðlað í orðræðunni. Þekking er sköpuð og þeir sem hafa völdin, með beinni eða óbeinni þátttöku, sjá um sköpun hennar. Sjónarmið þeirra verða ofan á og hljóta meira vægi. Þekking liggur þannig til grundvallar félagslegum valdatengslum (Guðný Gústafsdóttir, 2013). Málvísindi lýsa orðræðu sem samfelldu máli með mörgum setningum en orðræða er hluti af athöfnum allra einstaklinga samfélagsins og snúast um tjáskipti milli manna. Orðræða sem viðhelst í samfélaginu getur mótað og stýrt því hvernig einstaklingar tala um ákveðin fyrirbæri. Þessi félagslegu samskipti mynda ákveðin norm, hvernig ætlast er til þess að talað sé um hlutina, svo sem hvað má og hvað ekki. Ráðandi orðræða í íslensku samfélagi getur haft gríðarleg áhrif á kynhlutlausu orðanotkun og hvort Íslendingar taki vel í nýyrði eða ekki. Í erindi Foucaults, *Hvað er höfundur*, spyr hann að því hver sé veruháttur (e. *habitus*) orðræðunnar. Hvaðan kemur hún, hvernig getur hún breiðst út og hver getur eignað sér hana? Í menningu okkar breiðist orðræðan út og er viðtekin án þess að höfundurinn komi fram. Foucault segir að orðræðan, hver svo sem staða hennar sé, flæði fram með nafnlausu muldri. Hann taldi að orðræðan væri nátengd valdi og þekkingu sem yrði til þess að hún viðhélldi ákveðnum stöðlum í samfélaginu. Orðræðan er samfélagslegt ferli sem öll eru þátttakendur í, meðvitað eða ómeðvitað, vegna þeirra gagnvirku mótunaráhrifa sem er milli einstaklingsins og tungumálsins (Foucault, 2005, bls. 69-94). Þekkingarsköpun og mótun orðræðunnar hefur í aldanna rás byggt á karllægu forræði. Foucault taldi að einkenni kynjanna væru ekki náttúruleg fyrirbæri heldur hefðu þessi einkenni orðið til í gegnum aldirnar með valdatengslum. Hann trúði því að vald væri í

öllum félagslegum tengslum og að þetta vald hafi áhrif á móttun líkamsmyndar. Valdatengsl lýsir því hvernig forréttindi eins hóps byggir á undirskipaðri stöðu annars. Þegar þessum tengslum er veitt andspyrna, þar sem kúgun verður andóf, verða til samfélagslegar breytingar (Foucault, 2005, bls. 27-32). Kynsegin einstaklingar eru dæmi um fólk sem veitir viðnám gegn formgerð samfélagsins og fyrir fram ákveðnum hugmyndum um kyn. Í bók Foucault, *Þekkingarviljanum*, kemur fram kenning hans um að á kynjasviðinu ríki mjög sterk ögun sem krefjist skilyrðislausrar undirgefni við tvö algild viðmið: hugmyndina um tvö kyn, konu og karl. Þessi hugmynd er samkvæmt Foucault yfirsíkilvitleg og um leið framleiðsla á valdi. Hann setti fram þá tilgátu að kyn sé afleiðing kynhneigðar og er í meginráttum ákveðin gerð valdavensla sem stjórna ekki einungis samskiptum kynjanna heldur einnig orðræðunni (Foucault, 2005, bls. 32-33). Í hverju samfélagi og menningu eru hlutverk kynjanna skilgreind út frá ríkjandi orðræðu hverju sinni. Atgervi og ásýnd manneskjunnar, eða kyngervi hennar, endurspeglast í þessari orðræðu og þannig verða kynhlutverkin til. Kyngervi má skilgreina sem menningarbundinn mun á konum og körlum. Þessi munur tákngerir jafnframt þau kynjuðu valdatengsl sem liggja til grundvallar hverju samfélagi. Völd og valdaleysi má finna í orðræðunni en í henni liggja einnig möguleikar til breytinga (Guðný Gústafsdóttir, 2013).

2.1.3 Kenningar Judith Butler um kynjatvíhyggjuna, kyn og kyngervi

Kynjatvíhyggja byggir á þeirri hugmynd að það séu einungis tvö kyn, karl og kona. Kynjatvíhyggju má finna víða í íslensku samfélagi t.d. með félagsmóttun kynhlutverka. Kynsegin einstaklingar, intersex og trans, eru skýrt dæmi um jákvæða röskun á þessari kynjatvíhyggju. Kynjatvíhyggjan og flokkunin í einungis tvö kyn hefur verið gagnrýnd á síðustu árum en þó er enn að mestu leyti gengið út frá þessari tvenndarflokkun. Judith Butler er bandarískur heimspekingur sem hefur haft gríðarleg áhrif innan kynjafræðinnar, hinsegin fræða og femínisma. Bók hennar, *Kynusli: Femínismi og niðurrif sjálfsmyndar*, kom út árið 1989 og vakti gríðarlega athygli. Þar veitir hún nýja sýn á hvernig hugsa megi um kyn og kyngervi. Hugmyndir hennar ganga helst út frá tveimur þáttum: að sjá kyngervi (e. *gender*) sem gjörning (e. *performance*) og að kyn (e. *sex*) sé alltaf þegar kyngervi (Butler, 2006, bls. xiv-xxxi).

Þegar rætt er um að sjá kyngervi sem gjörning, þá er átt við að kyngervi sé félagslega mótað, að kyngervi sé hvorki afleiðing af kyni né fast við ákveðið kyn. Kyngervi er ekki gervi (eða búningur) sem hægt er að fara í og úr. Það er gjörningur vegna þess að það lærist af sífelldri endurtekningu af sömu gjörð og er ávallt í þróun. Kyngervi er félagsleg hegðun sem kynjaðir líkamar taka upp og þess vegna er ekki hægt að fullyrða að kyngervi sé bein afleiðing af líffræðilegu kyni. Þar að auki er engin ástæða fyrir því að gera ráð fyrir að kyngervin séu aðeins tvö (Butler, 2006, bls. xiv-xxxi).

Þegar fullýrt er að kyn sé alltaf þegar kyngervi, merkir að hugtakið kyn sé einungis hugmynd. Að vísa til líffræðilegs kyns er einungis sú hugmynd sem samfélagið býr til, sú samtíð sem einstaklingar tilheyra og því ekki það sama og hinn kynjaði líkami. Butler bendir á að ef við skilgreinum einstaklinga eftir ákveðnu kyni eða kyngervi, þá þurfi að velta því upp hvernig kyni sé úthlutað. Kenningar Butler draga í efa þá samfélagslega samþykktu hugmynd um kynjatvíhyggjuna. Hún dregur í efa aðgreiningu kyns og kyngervis og heldur því fram að það sé ekkert sem er náttúrulegt kyn. Kyn og kyngervi eru félagslega mótuð og því ekki lögmál (Butler, 2006, bls. 1-34 og 183).

Kerfi kynjatvíhyggjunnar er strangt og því fylgja reglur og jafnvel leyndar refsingar (Butler, 2004, bls. 41). Eflaust finna flest fyrir þessum reglum, stöðlum kvenleika og karlmennsku. Sum eru þá undir stöðugu áreiti á meðan önnur græða á kerfinu og vilja viðhalda því. Þeir sem ekki falla í rétt hólfi og fylgja ekki reglum kynjatvíhyggjunnar geta orðið fyrir bæði andlegu og líkamlegu ofbeldi. Öfgar kynjatvíhyggjunnar lýsa sér í ofbeldi gagnvart t.d. transfólki sem hafa orðið fyrir ofbeldi, jafnvel drepíð, fyrir það eitt að fylgja ekki reglum kynjatvíhyggjunnar. Butler fjallar um hvernig intersex börn sem fæðast með bæði kven- og karlkynfæri verða oft fyrir mjög skýrum aðgerðum kynjakerfisins með því að fara undir hnífinn til þess að „lagfæra“ þau. Kynjatvíhyggjan leyfir ekki og gerir ekki ráð fyrir slíkri tvíræðni (Butler, 2004, bls. 53). Reglurnar birtast okkur sem eðlislægar og eru meðteknar af flestum einstaklingum þannig að okkar innra eðli sé hluti af reglunum. Butler fjallar um þetta í sambandi við kenningu Michel Foucault um lögmálið. Hvernig lögmálið er meðtekið og innleitt af fólki í þeim skilningi að það sé hluti af einhverskonar innra eðli. Lögmálið birtist þannig sem hluti af eðli fólks, sama þó þetta lögmál hafi hamlandi áhrif eða ekki. Butler bendir á að einstaklingar fá ytri skilaboð og orðræður frá samfélaginu og gera þær að því sem við teljum vera okkar innra eðli. Það er, að hennar

mati, ekkert sem er innra eðli þar við erum alltaf undir áhrifum hins ytra (Butler, 2006, bls. 183-185).

2.2 Fyrri rannsóknir

Það er áhugavert að bera saman Ísland við önnur lönd þegar kemur að kynhlutlausri orðanotkun. Ef við horfum til Skandinavíu má til dæmis skoða Finnland en í finnsku má aðeins finna eitt kyn og er finnsk tunga ókynjað tungumál. Svo er það danskan með sitt samkyn en samkyn er í raun sameinað karlkyn og kvenkyn ef tekið er tillit til íslenskrar málfræði. Svíþjóð er sérstaklega áhugaverð en sænskan var með fyrstu tungumálunum til þess að búa til nýtt persónufornafn, Hen, sem kemur frá finnska persónufornafninu Hän (Gustafsson Sendén, Bäck, og Lindqvist, 2015). Í frönsku hafa verið notaðir punktar inni í miðju orði til þess að gefa sérstaklega til kynna að í orðinu felist allar útgáfur kyns. Hinsvegar hefur verið lagt blátt bann við kynlausu máli í skólum í Frakklandi og má því ekki styðjast við það í námsefni fyrir börn. Menntamálaráðherra Frakka segir reglurnar of flóknar fyrir þau. Þessi umræða á sér stað í mörgum löndum og er því orðið að alþjóðlegu deilumáli (Snorri Másson, 2021). Hér verður farið yfir rannsóknir sem hafa verið gerðar á kynhlutlausri orðanotkun frá löndunum Svíþjóð, Sviss og Bretlandi.

2.2.1 Áhrif tíma á viðhorf til kynhlutlausrar orðanotkunar

Einstaklingar sem hafa kynnt sér kynhlutlausu orðanotkun greina frá því að það tekur tíma að venjast nýjum orðum og notkun á málinu. Tíminn vinnur með kynhlutlausri orðanotkun að mati rannsakanda en það staðfestir sænska rannsóknin *Introducing a gender-neutral pronoun in a natural gender language: the influence of time on attitudes and behavior*. Rannsóknin var gerð í Svíþjóð á árunum 2012-2015 og fjallar um viðhorf Svía til nýja persónufornafnsins Hen og muninn á þessum fjórum árum. Útfærsla á nýjum kynhlutlausum orðaforða tengist oft neikvæðum viðbrögðum. Sú var raunin í Svíþjóð árið 2012 þegar persónufornafnið kom fyrst fram (Gustafsson Sendén, o.fl., 2015).

Í byrjun 21. aldarinnar var persónufornafnið hen, aðallega notað af hinsegin fólki, bæði fyrir fólk utan kynjatvíhyggju kynjanna og sem leið til að draga úr viðurkenningu á kyni. Persónufornafnið hen má bæði nota almennt þegar kyn er óþekkt eða skiptir ekki máli og sem persónufornafn fyrir trans-og kynsegin fólk. Árið 2012 var persónufornafnið afar umdeilt en sem dæmi má nefna þá birti Tungumálaráð Svíþjóðar (Sprákrádet) opinberar ráðleggingar um sænskt tungumál og mælti með því að ekki ætti að nota pfn.

hen þar sem það gæti dregið úr- og stangast á við innihald texta. Aðeins ári seinna dró ráðið tillögu sína til baka og árið 2015 breytti ráðið leiðbeiningum sínum um kynhlutlausar orðanotkun hjá opinberum aðilum. Þá var pfn. hen orðið að valkosti við önnur persónufornöfn. Rannsóknin greinir frá því að notkun persónufornafnsins jókst milli ára 2010-2012 í sænskum fjölmiðlum. Árið 2010 var persónufornafnið notað einu sinni, árið 2011 var það notað níu sinnum og árið 2012 var það notað 113 sinnum. Þetta sýnir skýrt að aukin notkun orðsins er óumdeilanleg. Það sem vakti sérstakan áhuga hjá rannsakanda var að í 85% tilfella var orðið notað almennt þegar kyn skipti ekki máli eða var óþekkt (Gustafsson Sendén, o.fl., 2015).

Helstu niðurstöður sænsku rannsóknarinnar voru þær að viðhorfin færðust frá mjög neikvæðum í mjög jákvæð viðhorf á þessum fjórum árum. Neikvæð viðhorf minnkuðu jafnt og þétt á meðan jákvæð viðhorf jukust. Niðurstöður fyrir mælingu á því hvort að notkun á orðinu sjálfu hefði aukist, var lítil en samt sem áður var þar aukning. Viðhorfin breyttust hraðar heldur en hegðunin. Umræðan árið 2015 var orðin algengari í sænsku samfélagi, þar með talið í fjölmiðlum, og því var kunnugleiki við nýja persónufornafnið mikill (Gustafsson Sendén, o.fl., 2015).

2.2.2 Áhrif breytna á viðhorf til kynhlutlausrar orðanotkunar

Breyturnar kyn, kynvitund (e. *gender identity*), aldur og skoðanir á kynjamismunun (e. *sexism*) hafa áhrif á viðhorf til kynhlutlausrar orðanotkunar (e. *gender-fair language*) samkvæmt fyrri rannsóknum tengdum viðfangsefninu (Parks og Roberton, 2000; Sarrasin o.fl., 2012; Gustafsson Sendén, o.fl., 2015). Mismunur er þá á milli niðurstaðna rannsókna enda munur á stað og stund þessara rannsókna. Hér verða breyturnar skoðaðar í samræmi við fyrri rannsóknir.

Breytan kyn/kynvitund er athyglisverð að því leyti að sumar rannsóknir hafa sýnt fram á að konur séu jákvæðari en karlar gagnvart kynhlutlausu máli (þ.e. Prentice, 1994; Sarrasin o.fl., 2012) á meðan aðrar sýna engan mun (þ.e. Koeser og Sczesny, 2014). Konur hafa tilhneigingu til að nota kynhlutlaust mál oftast en karlar (Koeser og Sczesny, 2014), og eiga auðveldara með að laga sig að því (Koeser o.fl., 2014). Í sænsku rannsókninni (sem skýrð var í kafla 2.2.1) kemur fram að kynvitund hafi sterk orsakatengsl við neikvætt viðhorf. Því sterkari tengsl sem einstaklingur hefur við kynvitund sína (kona eða karl í þessu tilfalli) þeim mun líkleggra er að hann sé neikvæður gagnvart kynhlutlausu

persónufornafninu, hen. Í rannsókninni voru konur aðeins líklegri heldur en karlar til þess að nota persónufornafnið og hafa jákvætt viðhorf til þess. Samt sem áður reyndist kynvitund vera mun sterkari spá um viðhorf en líffræðilegt kyn. Þetta styður hugmyndina um að kynhlutlausu persónufornafnið ögri kynjatvíhyggjunni.

Breytan aldur var mæld í rannsókninni. Ungur aldur reyndist vera marktæk breyta þegar kom að notkun á pfn. hen. Ungt fólk á það til að vera næmara fyrir nýjum hugmyndum og til í að ögra hefðbundnum kynjahlutverkum, frekar en eldra fólk (Gustafsson Sendén, o.fl., 2015).

Skoðanir á kynjamisrétti (e. *sexism*) sem breyta var mæld í rannsókninni *Sexism and Attitudes Toward Gender-Neutral Language: The Case of English, French, and German*. Í rannsókninni var mælt hvort að skoðanir á kynjamisrétti tengust viðhorfum gagnvart kynhlutlausu máli. Viðhorf til kynjamisréttis var mælt á þrjá vegu: nútíma, velviljað og fjandsamlegt kynjamisrétti (e. *modern, benevolent, and hostile sexism*) og tvo þætti til kynhlutlausrar orðanotkunar. Spurningakönnun var gerð meðal nemenda í Bretlandi og á tveimur svæðum í Sviss (frönsku- og þýskumælandi). Alls voru 466 þátttakendur. Rannsóknin sýndi marktækt samband á milli nútíma-og fjandsamlegs kynjamisréttis og þess að hafa neikvæð viðhorf til kynhlutlausrar orðanotkunar. Þessi niðurstaða styður fullyrðingu femínista um að andstaða gagnvart kynhlutlausu máli eigi upptök sín í kynjamisrétti (e. *sexist beliefs*). Að lokum reyndust breskir námsmenn tjá jákvæðari viðhorf til kynhlutlausrar orðanotkunar heldur en svissneskir námsmenn. Álykta má að það sé vegna þess að lengri tími sé liðinn í Bretlandi þar sem kynhlutlaus orðræða hefur viðgengst (Sarrasin o.fl., 2012).

3 Aðferðafræði

Í þessum kafla er gerð grein fyrir þeim aðferðum og gögnum sem notuð voru við gerð rannsóknarinnar. Markmiðið hennar var að kanna viðhorf Íslendinga til kynhlutlausrar orðanotkunar. Lagt var upp með eftirfarandi rannsóknarspurningu: Eru Íslendingar neikvæðir eða jákvæðir gagnvart kynhlutlausri orðanotkun og nýyrðum fyrir kynsegin einstaklinga.

Notast var við vefsíðuna „SurveyMonkey.com“ til þess að búa til skoðanakönnun fyrir rannsóknina. Keyptur var aðgangur fyrir einn mánuð á 4999 krónur. Fjöl margar vefir bjóða upp á svipaðar lausnir en þessi bauð upp á lágt verð og var því valin. Hins vegar var rannsakandi rukkaður fyrir svör sem fóru yfir hámark fjölda svara sem nam 1000 svörum og því var þessi vefsíða hugsanlega ekki sú hagstæðasta. Könnunin var opin frá kl. 16:00 föstudaginn 5. febrúar til 15:00 sunnudaginn 7. febrúar, árið 2021. Lokað var fyrir könnunina þegar nægur fjöldi svara fékkst. Alls fengust svör frá 1800 einstaklingum. Það var einungis hægt að taka þátt einu sinni fyrir hvert snjalltæki og tölvu.

Þýði rannsóknarinnar er skilgreint sem Íslendingar en þó er ekki hægt að fullyrða að einungis Íslendingar hafi svarað könnuninni. Áætla má þó að einungis íslenskumælandi fólk hafi svarað þar sem könnunin var á íslensku og að langflest hafi verið íslensk að þjóðerni. Úrtaksaðferð rannsóknarinnar var blanda af hentugleika- (e. *convenience sample*) og snjóboltaúrtaki (e. *snowball sample*). Hentugleikarúrtak er aðferð þar sem fundnir eru þátttakendur eftir hentugleika og snjóboltaúrtak er aðferð þar sem þátttakendur eru nýttir til þess að aðstoða við að finna fleiri einstaklinga til að taka þátt (Neuman, 2014). Könnuninni var deilt til þátttakenda á samfélagsmiðlinum Facebook með hlekk. Þegar ýtt var á hlekkinn var strax hægt að taka þátt, bæði í snjalltæki og tölvu. Úrtak rannsóknarinnar er í raun Íslendingar sem eiga Facebook aðgang. Það var hægt að deila könnuninni á ýmsa vegu inn á samfélagsmiðlinum. Notaðist rannsakandi við sína eigin síðu en fékk einnig vini og fjölskyldu til þess að dreifa könnunni. Könnunin var einnig sett inn á hina ýmsu hópa sem þóttu líklegir til þess að skeykja ekki of mikið á niðurstöðunum. Hóparnir samanstóðu af málvísindahópum, hverfahópum og hóp félagsfræðinemenda. Þá gátu öll sem sáu könnunina valið að taka þátt og jafnvel deilt könnuninni áfram á sína síðu á Facebook. Rannsakandi tók eftir því að könnuninni var einnig deilt áfram úr hópunum og því erfitt að fullyrða hve margir deildu henni.

Hafa skal í huga að með slíku úrtaki fylgja takmarkanir. Markmið rannsakanda var að fá sem flest svör miðað við aðgengi að þátttakendum og gekk það mjög vel. Hins vegar er áreiðanleiki niðurstaða takmarkaður vegna úrtaksaðferðar hentugleikaúrtaks. Hentugleikaúrtaki fylgir skekkja þar sem þátttakendur eru einungis fundnir eftir hentugleika og hafa því ekki allir jafna möguleika á því að taka þátt og mismunur er á því hverjir svara. Sömuleiðis er réttmæti rannsóknarinnar takmarkað og ekki er hægt að alhæfa niðurstöðurnar um þýðið (Neuman, 2014).

4 Greining gagna

Í þessum kafla verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum könnunarinnar. Það verður rýnt í spurningarnar, þær breytur sem spurt var um og þau skriflegu svör sem bárust. Hlutfall þátttakenda sem opnuðu og kláruðu könnunina var 100% (e. *completion rate*) sem þýðir að öll sem ýttu á hlekkinn og byrjuðu á að því að svara náðu einnig að klára könnunina. Þetta þýðir þó ekki að öll sem tóku þátt svöruðu öllum spurningunum en það er misjafnt hve mörg svöruðu hverri spurningu.

4.1 Spurningarnar

Notast var við spurningalistakönnun í þessari rannsókn. Lagðar voru fyrir níu spurningar en þar af var ein spurning með fimm liðum. Meðal úrlausnartími könnunarinnar var þrjár mínútur og ein sekúnda. Í fyrstu þremur spurningunum var upplýsingum um bakgrunn þátttakenda safnað saman. Bakgrunnspurningarnar náðu til kyns, aldurs og menntunar. Næst voru almennar spurningar og í lokinn var opin spurning. Útlit spurninganna og val á svarmöguleikum má finna í viðauka 1. Hér eru spurningarnar úr könnuninni:

1. Hvert er kyn þitt?
2. Hvað ert þú gamall/gömul/gamalt ?
3. Hvert er hæsta menntunarstig sem þú hefur lokið?
4. Hér er listi yfir hinsegin hugtök og kynhlutlaus nafnorð og persónufornöfn. Hvaða hugtak þekkir þú og skilur hvað það þýðir? Velja má fleira en eitt svar.
5. Hefur þú notað hugtak/hugtök úr seinustu spurningu, við eða um einstakling á seinustu 12 mánuðum?
6. Ef einstaklingur myndi biðja þig um að nota persónufornafnið „hán“ um sig, myndir þú gera það?
7. Finnst þér flókið að nota rétt orð fyrir einstakling sem skilgreinir sig utan hefðbundinnar kynjatvíhyggju þ.e.a.s kona eða karl?
8. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum?
 - 8.1. Það eru bara tvö kyn: karl og kona.
 - 8.2. Einstaklingar sem skilgreina sig öðruvísi en karl og kona eru að flækja íslenskt mál.

- 8.3. Mér finnst óþægilegt að nota kynhlutlaus orð vegna þess að ég er hrædd/ur/tt um að gera mistök og særa viðkomandi.
- 8.4. Ég vil læra meira um kynhlutlausa orðanotkun og hugtök.
- 8.5. Ég myndi ávallt reyna mitt besta ef að einstaklingur biður mig um að nota kynhlutlausa orðanotkun við/um sig.
- 8.6. Ég skil kynhlutlaus nýyrði og af hverju þau eru til.
9. Að lokum, er eitthvað sem þú vilt bæta við um kynhlutlausa orðanotkun? (T.d. Hvað finnst þér um kynhlutlausa persónufornafnið Hán? Hvað með nýyrðið Kvár sem kemur í stað kona/karl?)


Við yfirferð opinna svara við spurningu níu bárust góðar ábendingar sem vert er að nefna. Rannsakandi hefði mátt skoða betur orðalag í spurningunum og viðurkennir þessi mistök og lærir af þeim. Í fyrsta lagi er vert að minnst á athugasemd við spurningu níu. Þar stendur „Hvað með nýyrðið Kvár sem kemur í stað kona/karl?“. Mikilvægt er að lesendur átti sig á því að kvár kemur ekki í stað kona/karl heldur bætist við (karl,kona,kvár). Misskilningurinn liggur helst í að mörg halda að nýyrðið kvár muni koma í stað orðanna kona/karl og þurrka þau út. Í öðru lagi voru athugasemdir gerðar við 8. spurningu, lið 1, en þar var augljós misskilningur og vangaveltur um hvort að rannsakandi væri að spyrja um líffræðilegt kyn, kyngervi eða málfræðilegt kyn. Vegna þess mun rannsakandi ekki notast við svör við þessum lið. Þau eru ómarktæk vegna þess að þátttakendur voru ekki með sameiginlegan skilning um hvað væri verið að spyrja um.

4.2 Úrtakið

Hér koma helstu upplýsingar um þær breytur sem spurt var að í könnuninni. Það voru kyn, aldur og menntun.


Þegar kemur að breytunni kyn svöruðu alls 1795 þátttakendur spurningunni. Fimm slepptu henni og fimm völdu að svara ekki spurningunni. Helstu skekkjuna sem sjá má í úrtakinu er að einstaklingar sem skilgreina kyn sitt sem „kona“ eru í gríðarlegum meirihluta með 1358 svör eða 75,65%. Einstaklingar sem skilgreina kyn sitt sem „karl“ eru með 412 svör eða 22,95%. Kynsegin einstaklingar eða einstaklingar sem skilgreina kyn sitt

sem „kvár“ voru alls 17 eða 0,95% og einstaklingar sem skilgreindu kyn sitt á annan hátt voru 3 eða 0,17%. Sjá mynd 1.




Mynd 1: Niðurstöður úr spurningunni: *Hvert er kyn þitt?* Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.

Alls voru fimm hópar þegar kom að aldri þátttakenda. Alls svöruðu 1794 þátttakendur spurningunni um aldur. Stærstu aldurshópurinn var 31-50 ára með 744 svör. Næst á eftir kemur hópurinn 51-69 ára með 494 svör. Aldurshópurinn 18-30 ára var með 478 svör. Þá voru fæstir í yngsta og elsta hópnum, 61 svör bárust úr hópnum 70 ára og eldri, og aðeins 17 svör úr hópnum undir 18 ára. Aldursdreifingin er góð að mati rannsakanda. Sjá mynd 2.



Mynd 2: Niðurstöður úr spurningunni: *Hvað ert þú gamall/gömul/gamalt?* Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.

Hóparnir fyrir breytuna menntun voru alls sjö. Spurt var um hæstu menntun sem þátttakandi hefði lokið. Alls svöruðu 1797 þátttakendur spurningunni, þrír slepptu henni og sex vildu ekki svara spurningunni. Það kom á óvart að stærsti hópurinn voru einstaklingar sem voru búnir með meistaranám. Sjá niðurstöðurnar á mynd 3.




Mynd 3: Niðurstöður úr spurningunni: *Hvað er hæsta menntunarstig sem þú hefur lokið?* Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.

Breyturnar segja nokkuð vel frá því hver voru að svara könnuninni. 75% úrtaksins voru konur, 41% úrtaksins voru á aldrinum 31-50 ára og 70% úrtaksins voru allavega búin með grunnnám á háskólastigi. Áætla má að stærsta hlutfall úrtaksins voru vel menntaðar konur á aldrinum 31-50 ára.

4.3 Hugtök og notkun nýyrða

Rannsakandi vildi kanna almenna vitneskju þátttakenda um hinsegin hugtök, kynhlutlaus nafnorð og persónufornöfn. Rannsakandi bað þátttakendur að haka við þau orð sem þau þekktu og skildu hvað þýddu. Ensk þýðing var aftan við íslensku hugtökin enda allmörg orð sem voru alveg ný af nálinni og einstaklingar þekktu jafnvel frekar ensku heitinn. Hér var aðallega verið að leitast eftir skilning á orðunum. Hér má sjá niðurstöðurnar á mynd 4.



Mynd 4: Niðurstöður úr Spurningunni: Hér er listi yfir hinsegin hugtök og kynhlutlaus nafnorð og persónufornöfn. Hvaða hugtak þekkir þú og skilur hvað það þýðir? Velja má fleira en eitt svar. Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.


Alls svöruðu 1799 þátttakendur spurningunni og einn sleppti henni. Best þekktu hugtakið er hinsegin (e. *queer*), þar sem 1732 merktu við að þekktu það eða alls 96,28%. Næst voru hugtökin trans (e. *transgender*) með 94,11%, persónufornafnið hán með 86,21% svara.

Það kom rannsakanda ekki á óvart að hugtökin hinsegin og trans voru vel þekkt enda afar víð skilgreining á bak við þau. Hugtakið hinsegin er vel þekkt því það er regnhlífarhugtak yfir alla einstaklinga sem falla einhvern vegin utan hins „hefðbundna“. Hugtakið trans er líka regnhlífarhugtak en það á við um öll þau sem upplifa kyn sitt vera annað en þeim var úthlutað við fæðingu (þ.m.t. transkonur, transkarlar og kynsegin fólk). Það var hins vegar áhugavert að sjá hve vel þekkt persónufornafnið hán var, þar sem 1551 þátttakendur hökuðu við að þekkja það.

Spurt var hvort að þátttakendur hefðu notað einhver af þessum hugtökum við eða um einstakling á seinustu 12 mánuðum (í spurningu 5). Alls svöruðu 1793 þátttakendur spurningunni. Þá svöruðu alls 1200 þátttakendur því játandi og 506 neitandi. Það gefur til kynna að 66.66% prósent úrtaksins þekkja til og nota þessi orð.

4.4 Notkun á persónufornafninu Hán


Spurning í könnuninni *Ef einstaklingur myndi biðja þig um að nota persónufornafnið „hán“ um sig, myndir þú gera það?* fjallar um vilja einstaklinga til þess að nota persónufornafnið hán. Á mynd 5 má sjá hvernig allt úrtakið svaraði spurningunni.



Mynd 5: Niðurstöður úr spurningunni: *Ef einstaklingur myndi biðja þig um að nota persónufornafnið „hán“ um sig, myndir þú gera það?* Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.

Alls svöruðu 1798 þátttakendur og tveir slepptu því að svara. Þar af voru 1544 sem svöruðu játandi, 101 sem svaraði neitandi, 148 voru ekki viss og 5 sem vildu ekki svara. Niðurstaða úrtaksins er mjög skýr en mikill meirihluti úrtaksins sýnir vilja til þess að nota pfn. hán.


Niðurstöður úr sömu spurningu þegar breytan kyn var mæld er skoðuð út frá breytunum karl, kona og kynsegin/ kvár. Þau sem vildu ekki svara eða skilgreindu kyn sitt á annan hátt voru ekki tekin inn í mælinguna til einföldunar á niðurstöðum. Á mynd 6 má sjá svör eftir kyni sem hlutfall af svörum hvers hóps.



Mynd 6: Niðurstöður úr spurningunni: *Ef einstaklingur myndi biðja þig um að nota persónufornafnið „hán“ um sig, myndir þú gera það?* Svör eftir kyni, sem hlutfall af svörum hvers hóps.

Myndin sýnir að kynsegin einstaklingar/kvár myndu í öllum tilfellum nota pfn. hán ef þau væru beðin um það. Konur svöruðu játandi í 90% tilfella og karlar svöruðu játandi í 70% tilfella. Þá voru karlar sem svöruðu neitandi í 15% tilfella á meðan konur svöruðu neitandi í 3% tilfella. Þar sem konur voru í miklum meirihluta í úrtakinu er vert að minnast á að svarhlutfall kvenna í spurningunni var 76,02% af öllum svörum. Svarhlutfall karla var 23,03% og svarhlutfall kynsegin einstaklinga/kvár var aðeins 0,95%.

Niðurstöður úr sömu spurningu þegar breytan aldur var mæld er skoðuð út frá aldurshópum (sjá hópa á mynd 2). Á mynd 7 má sjá svör eftir aldurshópum sem hlutfall af svörum hvers aldurshóps.




Mynd 7: Niðurstöður úr spurningunni: *Ef einstaklingur myndi biðja þig um að nota persónufofnafnið „hán“ um sig, myndir þú gera það?* Svör eftir aldurshópum, sem hlutfall af svörum hvers aldurshóps.

Niðurstöðurnar sýna að aldurshópurinn 18-30 ára svaraði í 90% tilvika svarinu já. Sá aldurshópur sem var með lægsta svarhlutfall fyrir svarið já var hópurinn 70 ára og eldri, en sá hópur var einnig með hæsta svarhlutfallið fyrir svarið nei.

4.5 Notkun á kynhlutlausum orðum


Spurning í könnunni *Finnst þér flókið að nota rétt orð fyrir einstakling sem skilgreinir sig utan hefðbundinnar kynjatvíhyggju þ.e.a.s. kona eða karl?* fjallar um það hvort að einstaklingum þyki flókið að nota rétt orð (kynhlutlaus orð) fyrir kynsegin einstakling. Á mynd 8 má sjá hvernig allt úrtakið svaraði spurningunni.



Mynd 8: Niðurstöður úr spurningunni: *Finnst þér flókið að nota rétt orð fyrir einstakling sem skilgreinir sig utan hefðbundinnar kynjafvíggygju þ.e.a.s. kona eða karl?* Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.

Alls svöruðu 1796 þátttakendur spurningunni og fjórir slepptu henni. Þar af voru 866 sem svöruðu játandi, 671 sem svöruðu neitandi, 249 voru ekki viss og 10 sem vildu ekki svara. Niðurstöðurnar sýna að tæpur meirihluti úrtaksins finnst flókið að nota rétt orð fyrir kynsegin einstaklinga.


Niðurstöður úr sömu spurningu þegar breytan kyn var mæld er skoðuð út frá breytunum karl, kona og kynsegin/kvár. Þau sem vildu ekki svara eða skilgreina kyn sitt á annan hátt verða ekki tekin inn í mælinguna til einföldunar á niðurstöðum. Á mynd 9 má sjá svör eftir kyni sem hlutfall af svörum hvers hóps.



Mynd 9: Niðurstöður úr spurningunni: *Finnst þér flókið að nota rétt orð fyrir einstakling sem skilgreinir sig utan hefðbundinnar kynjatvíhyggju þ.e.a.s. kona eða karl? Svör eftir kyni, sem hlutfall af svörum hvers hóps.*

Myndin sýnir að kynsegin einstaklingar/kvár svöruðu nei í 82% tilfella og er því sá hópur sem þykir líklegastur til að finnast auðvelt að nota rétt orð fyrir kynsegin einstaklinga. Konur svöruðu nei í 38% tilfella og karlar 31% tilfella. Sá hópur sem svaraði já í flestum tilfella voru karlar með 53% og konur fylgdu stutt á eftir með 47%. Þar sem konur voru í miklum meirihluta í úrtakinu er vert að minnast á að svarhlutfall kvenna í spurningunni var 76,04% af öllum svörum. Svarhlutfall karla var 23,01% og svarhlutfall kynsegin einstaklinga/kvár var aðeins 0,95%.

Niðurstöður úr sömu spurningu þegar breytan aldur var mæld er skoðuð út frá aldurshópum (Sjá nánar: mynd 2). Á mynd 10 má sjá svör eftir aldurshópum sem hlutfall af svörum hvers aldurshóps.




Mynd 10: Niðurstöður úr spurningunni: *Finnst þér flókið að nota rétt orð fyrir einstakling sem skilgreinir sig utan hefðbundinnar kynjatvíhyggju þ.e.a.s. kona eða karl?* Svör eftir aldurshópum, sem hlutfall af svörum hvers aldurshóps.

Niðurstöðurnar sýna að aldurshópurinn 51-69 ára svaraði oftast svarinu já með 54%. Sá aldurshópur sem var með lægsta svarhlutfall fyrir svarið já var hópurinn undir 18 ára með 35%, en sá hópur var einnig með hæsta svarhlutfallið fyrir svarið nei.

4.6 Staðhæfingar

Spurningin: *Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum?* fjallaði um staðhæfingar og var í sex liðum. Þátttakendur hökuðu við einn valkost við hverja staðhæfingu og svöruðu þannig spurningunni. Hægt var að velja: mjög sammála, nokkuð sammála, hvorki sammála né ósammála, nokkuð ósammála, mjög ósammála. Hér verða niðurstöður fimm liða sýndar.


Fyrsta staðhæfingin sem farið verður yfir er: *Einstaklingar sem skilgreina sig öðruvísi en karl og kona eru að flækja íslenskt mál.* Á mynd 11 má sjá lýsandi niðurstöður.



Mynd 11: Niðurstöður fyrir staðhæfinguna: *Einstaklingar sem skilgreina sig öðruvísi en karl og kona eru að flækja íslenskt mál.* Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.

Alls svöruðu 1789 þátttakendur spurningunni. Þá voru tæpur helmingur eða 882 einstaklingar sem voru mjög ósammála þessari staðhæfingu. Nokkuð ósammála voru 287, hvorki sammála né ósammála voru 307, nokkuð sammála voru 195 og mjög sammála voru 118. Nokkuð skýr niðurstaða var um þessa staðhæfingu en helmingur þátttakenda finnst einstaklingar sem skilgreina sig öðruvísi en karl og kona ekki vera að flækja íslenskt mál.


Næsta staðhæfing er: *Mér finnst óþægilegt að nota kynhlutlaus orð vegna þess að ég er hrædd/ur/tt um að gera mistök og særa viðkomandi.* Á mynd 12 má sjá lýsandi niðurstöður.



Mynd 12: Niðurstöður fyrir staðhæfinguna: *Mér finnst óþægilegt að nota kynhlutlaus orð vegna þess að ég er hrædd/ur/tt um að gera mistök og særa viðkomandi.* Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.

Alls svöruðu 1794 þátttakendur spurningunni. Flest voru nokkuð sammála þessari staðhæfingu, eða 589 einstaklingar. Þau sem voru mjög sammála voru 197, hvorki sammála né ósammála voru 408, nokkuð ósammála voru 338 og þau sem voru mjög ósammála voru 262. Hér er ekki skýr niðurstaða enda nokkuð opin spurning að mati rannsakanda. Hægt er að vera sammála eða ósammála staðhæfingunni út af mörgum ástæðum. Samt sem áður gefur þetta til kynna að fólk er hér ekki sammála og því mætti rannsaka þessa staðhæfingu betur í framtíðinni.


Næsta staðhæfing er: *Ég vil læra meira um kynhlutlausu orðanotkun og hugtök.* Á mynd 13 má sjá lýsandi niðurstöður.



Mynd 13: Niðurstöður fyrir staðhæfinguna: *Ég vil læra meira um kynhlutlausa orðanotkun og hugtök*. Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.

Alls svöruðu 1791 þátttakendur spurningunni. Meirihluti þátttakenda var mjög eða nokkuð sammála staðhæfingunni. Alls voru 796 þátttakendur sem voru mjög sammála, 437 sem voru nokkuð sammála, 320 sem voru hvorki sammála né ósammála, 123 sem voru nokkuð ósammála og 115 sem voru mjög ósammála. Hér er nokkuð skýr niðurstaða og þátttakendur sýna vilja til að læra meira um kynhlutlausa orðanotkun.


Næsta staðhæfing er: *Ég myndi ávallt reyna mitt besta ef að einstaklingur biður mig um að nota kynhlutlausa orðanotkun við/um sig*. Á mynd 14 má sjá lýsandi niðurstöður.



Mynd 14: Niðurstöður fyrir staðhæfinguna: *Ég myndi ávallt reyna mitt besta ef að einstaklingur biður mig um að nota kynhlutlaus orðanotkun við/um sig.* Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.

Alls svöruðu 1795 þátttakendur spurningunni. Meirihluti þátttakenda var mjög sammála þessari staðhæfingu eða 1422 þátttakendur. Þá voru 211 sem voru nokkuð sammála, 93 sem voru hvorki sammála né ósammála, 16 sem voru nokkuð ósammála og 53 sem voru mjög ósammála. Þessi staðhæfing var sú sem hvað flest voru sammála um, með 79% sem svöruðu mjög sammála.

Seinasta staðhæfingin er: *Ég skil kynhlutlaus nýyrði og af hverju þau eru til.* Á mynd 15 má sjá lýsandi niðurstöður.



Mynd 15: Niðurstöður fyrir staðhæfinguna: *Ég skil kynhlutlaus nýyrði og af hverju þau eru til. Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.*

Alls svöruðu 1790 þátttakendur spurningunni. Flestir þátttakenda voru mjög sammála þessari staðhæfingu eða 785 þátttakendur. Þá voru 533 sem voru nokkuð sammála, 261 sem voru hvorki sammála né ósammála, 131 sem voru nokkuð ósammála og 80 sem voru mjög ósammála. Hér er nokkuð skýr niðurstaða en meirihluti þátttakenda voru mjög eða nokkuð sammála þessari staðhæfingu, að þeir skyldu kynhlutlaus nýyrði og af hverju þau væru til.

4.7 Opin svör

Í lok könnunarinnar var þátttakendum boðið að skrifa opið svar. Þátttakendum var boðið að bæta við eigin skoðun um kynhlutlausa orðanotkun. Alls svöruðu 659 manns opnu spurningunni en 1141 slepptu henni. Til þess að greina öll svörin byrjaði rannsakandi á því að skipta þeim niður í fjóra hópa eða þemu. Til þess að einfalda úrlausn svaranna eru hóparnir einfaldir: Jákvætt viðhorf, neikvætt viðhorf, hvorki jákvætt né neikvætt viðhorf/almennar vangaveltur og svör sem fjölluðu ekki um kynhlutlausa orðanotkun. Hér má sjá nánari lýsingu á hópunum sem rannsakandi studdist við áður en lesið var yfir svörin:


Jákvæð svör: Almennt jákvætt viðhorf til kynhlutlausrar orðanotkunar og nýyrða. Skilningur á nýyrðum eða jákvæð lýsing á notkun þeirra.

Neikvæð svör: Almennt neikvætt viðhorf til kynhlutlausrar orðanotkunar og nýyrða. Skilningsleysi á kynhlutlausum orðum eða efasemdir um notagildi þeirra.

Hvorki jákvæð né neikvæð svör: Svör sýna vangaveltur um tungumálið. Svör gátu verið jákvæð og neikvæð á síma tíma eða það var ekki skýr niðurstaða.

Svör sem fjölluðu ekki um kynhlutlausa orðanotkun: Svör lýstu sér sem hrósi eða gagnrýni á könnunina eða svör sem voru henni óviðkomandi.

Niðurstöður eftir yfirferð allra opnu svaranna og flokkunar þeirra í hópa voru áhugaverðar. Flestir þátttakendur voru með jákvæð svör en þau voru 381 samtals. Þá voru 103 svör sem voru neikvæð, 117 svör sem voru hvorki jákvæð né neikvæð. Svör sem fjölluðu ekki um kynhlutlausa orðanotkun voru 58 samtals. Á mynd 16 má sjá lýsandi niðurstöður.



Mynd 16: Niðurstöður fyrir spurninguna: Að lokum, er eitthvað sem þú vilt bæta við um kynhlutlausa orðanotkun? Opin svör. Lýsandi niðurstöður fyrir allt úrtakið.

Eins og sjá má á mynd 16, var meirihluti svara jákvæður. Fjöldi neikvæðra svara og svara sem lýstu ekki skoðun voru álíka mörg. Þessar niðurstöður sýna að þátttakendurnir voru almennt jákvæðir gagnvart kynhlutlausri orðanotkun og nýyrðum fyrir kynsegin einstaklinga. Í næsta kafla verður farið betur yfir þau svör sem bárust.

4.7.1 Dæmi um opin svör

Alls bárust 659 svör við opnu spurningunni. Rannsakandi las yfir öll svörin og mat síðan hvert svar fyrir sig eins og áður hefur komið fram. Meirihluti svaranna voru jákvæð eða 381 svar. Dæmi um jákvæð svör sem bárust fólu í sér hrós um tilurð kynhlutlausra nýryrða og þróun íslenskunnar. Þátttakendur sýndu vilja til að læra meira um kynhlutlausu orðanotkun og sumir nefndu að þeim þætti þetta lítið mál. Aðrir nefndu að það myndi taka tíma að venjast orðunum en að það væri allt í lagi. Hér má sjá þrjú dæmi um svör sem rannsakandi þóttu jákvæð:

Mjög góð orð og þörf. Málnotkun breytist, orðnotkun þróast og tungumálið er lifandi. Fræðsla, þolinmæði og fleiri textar sem innihalda þessi orð hjálpa. Ef að kvár segir mér að hán vil að vísað sé þannig til hán myndi ég gera það en hán yrði að sýna því skilning að ég gæti gert mistök á meðan ég er að innleiða nýja hugsun og málnotkun hjá mér. Tungan þróast í takt við samfélagið þó að það taki tíma.

Við þurfum að finna góð orð í samvinnu með hlutaðeigandi, og nota. Við erum allskonar og enginn er að gera að gamni sínu að biðja um virðingu fyrir margbreytileika.

Tungumál verða að þróast í takt við þarfir samfélaganna sem tala þau. Nýyrði og málfræðileg aðlögun þurfa að vera hluti af slíkri þróun.

Þau svör sem voru neikvæð voru 103 samtals. Rannsakandi þótti þau bera vott um fordóma og sýna afar neikvæða afstöðu gagnvart kynhlutlausu máli. Rannsakandi taldi svörin sýna fáfræði svarenda enda mörg hver afar dónaleg. Hér má sjá þrjú dæmi um svör sem rannsakandi þótti neikvæð:

Mér finnst þetta bara vera tóm þvæla og veit ekki hvernig á að kenna íslensku ef kynin verða mörg. En sem betur fer er ég kominn á efri ár og á vonandi ekki eftir að lifa það að þetta rugl taki öll völd.

Tímabundin tíska fólks sem leitar að athygli og óþarfi að setja tungumál á hvolf þeirra vegna.

Mér finnst eitthvað bogið við þetta. Ég lít á þetta sem andlegur fæðingargalla ekki líkamlegur galli. Það eru bara til 2 kyn ekki 3 en ef manneskjan vil skrifa um kyn þá breytist nafnið líka en lengra á ekki að fara í þessum málum en veita öllum aðstoð við hæfi.

Þau svör sem voru hvorki jákvæð né neikvæð voru 117 samtals. Rannsakandi veitti því athygli að meirihluti svaranna sýndu jákvæðni gagnvart persónufornafninu hán en neikvæð gagnvart nýja nafnorðinu kvár. Dæmi: *Hán er fínt, kvár ekki fínt*. Rannsakandi telur þennan mun byggja á því að talsverður munur er á þeim tíma sem orðin hafa fengið að lifa í samfélaginu. Persónufornafnið hán hafi verið notað síðan 2013 en nafnorðið kvár var einungis búið að vera til í um tvær vikur áður en könnunin var gerð. Eins og fram kom í kafla 2.2.1 hefur tími mikil áhrif á viðhorf.

Að lokum vill rannsakandi sýna svar sem er líklega frá kynsegin einstaklingi:

Mér finnst nýyrðir kvár yndislegt, og það eru alltaf að koma til sögunnar ný orð. Svo eru líka til fullt af gömlum orðum sem hægt væri að nota meira. Ég táraðist t.d. í fyrsta skipti sem vinur minn kallaði mig vin sitt. Fólk er oft hrætt við að nota hvorugkynið, og ég skil það vel, en það gerir mig svo afskaplega glatt þegar einhver talar við mig í hvorugkyni þegar viðkomandi hefði auðveldlega geta forðast að kynja mig yfir höfuð. Ég hef farið að gráta við það að sjá tölvupóst byrja á "Sælt".

5 Niðurstöður

Hér verður farið yfir helstu niðurstöður. Minnt er á að vegna úrtaksáðferðar er réttmæti rannsóknarinnar takmarkað og því ekki hægt að alhæfa niðurstöðurnar yfir á þjóðið: Íslendingar. Niðurstöðurnar gefa þó engu að síður ákveðna hugmynd um viðhorf Íslendinga til málaflokksins.

Hinsegin hugtök, kynhlutlaus nafnorð og persónufornöfn voru almennt vel þekkt á meðal þátttakenda. Það voru einungis 16 þátttakendur af 1800 sem merktu við að þeir þekktu engin af hugtökunum sem finna má á mynd 4. Regnhlífarhugtökin hinsegin og trans voru best þekkt en yfir 95% þátttakenda skildu hvað þau þýddu. Hugtök úr nýyrðasamkeppni Samtakanna '78 frá árinu 2015 fengu 20-40% svarhlutfall og nýyrðið kvár sem kynnt var árið 2021 fékk 32% svörun. Þá höfðu 67% þátttakenda notað einhver af þessum hugtökum við eða um einstakling á seinustu 12 mánuðum. Þessar tölur gefa til kynna að u.þ.b. 2/3 þátttakenda þekktu vel til nýyrðanna og meira en helmingur notar hugtökin.

Rannsakanda þótti áhrifaríkasta spurning könnunarinnar vera: *Ef einstaklingur myndi biðja þig um að nota persónufornafnið „hán“ um sig, myndir þú gera það?* Hún gefur til kynna skýran vilja þátttakenda og hvort að þeir séu jákvæðir eða neikvæðir. Niðurstaða úrtaksins var skýr en mikill meirihluti úrtaksins eða 85% svöruðu játandi sem er mjög jákvætt að mati rannsakanda. Þátttakendur voru ekki jafn samtaka þegar kom að spurningunni hvort að þeim þætti flókið að nota rétt orð fyrir einstaklinga sem skilgreina sig utan hefðbundinnar kynjatvíhyggju. Tæpur helmingur þátttakenda eða 48%, finnst það flókið en 37% finnst það ekki flókið. Álykta má að þátttakendur sem lýsa því að þeim þyki ekki flókið að nota rétt orð séu líka jákvæðir fyrir því að nota þau.

Staðhæfingar í könnuninni þar sem þátttakendur gátu svarað á skalanum „mjög sammála til mjög ósammála“ gáfu nokkrar mikilvægar niðurstöður. Sú staðhæfing sem flest voru sammála um var: *Ég myndi ávallt reyna mitt besta ef að einstaklingur biður mig um að nota kynhlutlausa orðanotkun við/um sig.* Alls voru 79% mjög sammála þessari staðhæfingu. Um helmingur þátttakenda voru mjög ósammála þeirri staðhæfingu að kynsegin einstaklingar séu að flækja íslenskt mál. Meira en helmingur þátttakenda voru mjög eða nokkuð sammála staðhæfingunum um að vilja læra meira um kynhlutlausa orðanotkun og skilja kynhlutlaus nýyrði og af hverju þau eru til. Þessar þrjár staðhæfingar og niðurstöðurnar úr þeim eru afar jákvæðar að mati rannsakanda.

Að lokum gáfu svörin úr opnu spurningunni skýrar niðurstöður. Jákvæðu svörin, sem voru 381 talsins, voru mun fleiri heldur en þau neikvæðu sem voru 103 talsins. Í jákvæðum svörum hrósuðu þátttakendur kynhlutlausum nýyrðum og þróun íslenskunnar. Þátttakendur sýndu vilja til að læra meira um kynhlutlausu orðanotkun.

Markmið rannsóknarinnar var skýrt og lagt var upp með eftirfarandi rannsóknarspurningu: Eru Íslendingar neikvæðir eða jákvæðir gagnvart kynhlutlausri orðanotkun og nýyrðum fyrir kynsegin einstaklinga? Svárið við rannsóknarspurningunni er því, miðað við svör úrtaksins, að Íslendingar séu í meirihluta jákvæðir gagnvart kynhlutlausri orðanotkun og nýyrðum fyrir kynsegin einstaklinga. Þar með stenst fyrri tilgáta rannsakanda sem taldi að meirihluti úrtaksins myndi sýna jákvæð viðhorf gagnvart kynhlutlausri orðanotkun. Seinni tilgáta rannsakanda stóðst einnig. Rannsakandi taldi að úrtakið myndi sýna mun á svörum þegar kyn og aldur væru skoðuð. Að þau sem væru yngri, konur og kynsegin einstaklingar/ kvár væru jákvæðari heldur en aðrir hópar. Svör kvenna og sérstaklega svör kynsegin einstaklinga, á myndum 6 og 9, voru jákvæðari heldur en svör karla. Yngsti hópurinn í úrtakinu voru þau sem eru undir 18 ára en í þeim hópi voru einungis 17 þátttakendur. Í næst yngsta hópnum voru 478 þátttakendur. Þessir tveir hópar sýndu jákvæðari svörum heldur en hóparnir sem eldri eru, eins og sjá má á myndum 7 og 10. Í heildina litið eru niðurstöðurnar jákvæðar og vonast rannsakandi til þess að sjá áframhaldandi þróun í málefnum kynhlutlausra orða og nýyrða.

Í ritgerð þessari var fjallað um kenningar Michel Foucault og Judith Butler. Kenningar þeirra, um orðræðu og áhrif kynjativíhyggjunnar á kyn og kyngervi, undirstrika að manneskjan er mótuð af viðmiðum samfélagsins. Þekking er sköpuð og þau sem hafa völdin sjá um sköpun hennar. Einstaklingar geta stjórnað af ráðandi orðræðu og gildum um kyn og kyngervi. Butler dregur í efa þessa samfélagslegu samþykktu hugmynd um kynjativíhyggjuna. Einstaklingar sem eru trans, intersex eða kynsegin hafa raskað félagslegum stöðugleika sem er byggður á kynjativíhyggju samfélagsins. Samfélagið gerir ráð fyrir því að það séu einungis tvö kyn og að kynvitund einstaklinga sameinist því líffræðilega kyni sem fólki er úthlutað við fæðingu. Hins vegar, líkt og Butler bendir á, er hugmyndin um líffræðilegt kyn einungis sú hugmynd sem samfélagið býr til. Þessi viðmið geta verið hamlandi fyrir kynhlutlausu orðaþróun en einungis ef einstaklingar stjórna af þessum viðmiðum og eru lokaðir fyrir þróun tungumálsins.

Fyrri rannsóknir sýndu fram á mikilvægi tíma fyrir kynhlutlaust mál. Útfærsla á nýjum kynhlutlausum orðaforða tengist oft neikvæðum viðbrögðum en sú var raunin í t.d. Svíþjóð. Tíminn vinnur með kynhlutlausri orðanotkun því eflaust þykir fólki ný orð hljóma undarlega í fyrstu. Það þarf að venjast nýjum orðum og það tekur tíma að læra að nota þau. Í svörum við opnu spurningu rannsóknarinnar tók rannsakandi eftir því að margir þátttakendur lýstu yfir því sama, þeir voru jákvæðir gagnvart persónufornafninu hán en neikvæð gagnvart nýja nafnorðinu kvár. Þarna sjáum við hvernig tíminn hefur haft áhrif á viðhorf. Könnunin var opin frá 5.- 7. febrúar árið 2021. Persónufornafnið hán hefur verið til í átta ár á meðan nafnorðið kvár var kynnt 21. janúar 2021 og því einungis búið að vera til í um tvær vikur. Fyrri rannsóknir sýndu einnig fram á að breytur á borð við kyn og aldur hafa áhrif á viðhorf. Þessar niðurstöður samræmast niðurstöðum könnunarinnar. Konur og kynsegin einstaklingar sýndu jákvæðari svörun heldur en karlar. Það sama á við um aldur en yngstu hóparnir voru með jákvæðari svörun. Ungt fólk á það til að vera opnara fyrir nýjum hugmyndum og til í að ögra hefðbundnum kynjahlutverkum, frekar en eldra fólk.

6 Lokaorð

Ljóst er að niðurstöður könnunarinnar gefa skýra hugmynd um viðhorf Íslendinga til þessara mála, ef litið er til úrtaksins sem í henni lenti. Meirihluti þátttakenda í könnun rannsakanda sýndi jákvæð viðhorf við kynhlutlausri orðanotkun og nýyrðum. Rannsakandi telur að niðurstöður rannsóknarinnar séu mikilvægar því að jafnvel þó fordóma og fáfræði mætti finna í svörum rannsóknarinnar voru þau samt í miklum minnihluta. Því má áætla að Íslendingar séu almennt jákvæðir fyrir kynsegin orðaþróun í íslensku máli, a.m.k. gefur úrtak þessarar tilteknu rannsóknar það sterklega til kynna.

Íslenskan á enn langt í land þegar kemur að kynhlutlausri orðanotkun. Mörgum Íslendingum þykir kynhlutlaust mál raska hefðbundinni íslensku. Nýyrðin sem kynnt voru í nýyrðasamkeppnum Samtakanna '78 sýndu að fjölmörg orð í hinsegin orðaforða höfðu ekki fengið íslenska þýðingu. Réttur málnotenda til að eiga rými í íslensku máli er mikilvægur enda er tungumálið ekki undanþegið jafnréttissjónarmiðum. Íslenskan er í sífelldri þróun og þarf að geta þjónað þörfum allra þegna samfélagsins. Kynhlutlaus persónufornöfn, notkun hvorugkynsins beygingarendingar lýsingarorða og nýyrði fyrir kynsegin einstaklinga er einungis byrjunin á breyttu tungumáli og kynhlutlausri orðanotkun. Mikilvægt er að hlusta á hvað kynsegin einstaklingar vilja sjálfir vera kallaðir því orð hafa áhrif. Notkun á persónufornafninu hán og/eða nafnorðinu kvár er yfirleitt þannig að viðkomandi gefur leyfi til þess að þessi orð séu notuð um sig eða sá hinn sami biður um að þau verði notuð. Líkt og Alda Villiljós nefnir í bloggfærslu sinni þá vill hán ekki vera kallað „það“ enda ekki hlutur heldur manneskja.

Þessi rannsókn hefur sýnt fram á mikilvægi kynhlutlausrar orðanotkunar og álykta má að Íslendingar séu almennt jákvæðir gagnvart henni. Þannig víkkar þessi rannsókn þekkingu Íslendinga á kynhlutlausri orðanotkun og hvað megi hafa í huga þegar nota á nýyrði og kynhlutleysi í máli. Rannsakandi hefur ekki fundið svipaða rannsókn á Íslandi og því var könnunin og þessi ritgerð ný af nálinni. Um 80% þátttakenda sýndu áhuga á því að vilja læra meira um kynhlutlausa orðanotkun sem sýnir að ef til vill vantar upp á fræðslu. Rannsakandi telur að það yrði frábær þróun ef fræðsla í skólum myndi aukast, t.d. með því að kenna börnum og ungmennum kynhlutlaus nýyrði og notkun í íslenskri málfræði. Þá hafa fjölmiðlar líka vald til þess að aðlaga sig og ýta undir málnotkun sem er kynhlutlaus. Rannsakandi vonast til þess að niðurstöðurnar séu gagnlegar fyrir kynsegin

einstaklinga og hvetur öll til að virða kynhlutlausa þróun í íslenskunni og að öll reyni sitt besta til þess að aðlagast henni.

Lilja Guðmundsdóttir

Heimildaskrá

- Alda Villiljós. (2013, 9. september). Hán – nýtt persónufornafn? [bloggfærsla]. Sótt 20. janúar 2021 af <https://knuz.wordpress.com/2013/09/09/han-nytt-personufornafn/>
- Bussmann, H. og Hellinger, M. (2001). Gender Across Languages. The Linguistic Representation of Women and Men. Í Bussmann, H. og Hellinger, M. (ritstj.), *Gender Across Languages: The Linguistic Representation of Women and Men* (bls. 1-25). Amsterdam/Philadelphia: John Benjamin's Publishing Company.
- Butler, J. (2004). *Undoing Gender*. New York: Routledge.
- Butler, J. (2006). *Gender trouble: Feminism and the subversion of identity* (2. útgáfa). New York: Routledge.
- Brill, S. og Pepper, R. (2019). *Trans barnið: Handbók fyrir fjölskyldur og fagfólk*. (Trausti Steinsson þýddi). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2017). Má gera kynusla í íslenskunni? Erindi flutt á 10. norrænu ráðstefnunni um mál og kyn. Akureyri, 21. október.
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2021, 26. janúar). Kynhlutlaus starfsheiti. Sótt 31.mars 2021 af <https://uni.hi.is/eirikur/2021/01/26/kynhlutlaus-starfsheiti/>
- Eiríkur Rögnvaldsson. (2021, 20. febrúar). Hýrýrði. Sótt 7. mars 2021 af <https://uni.hi.is/eirikur/2021/02/20/hyryrði/>
- Foucault, M. (2005). *Alsæi, vald og þekking: Úrval greina og bókakafla* (Björn Þorsteinsson o.fl. þýddu). Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands.
- Guðný Gústafsdóttir. (2013). Kvenleiki sem orðræða. *Söguþing 2012 Ráðstefnurit*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun. Sótt 1. maí 2021 af <http://hdl.handle.net/1946/15839>
- Guðrún Línberg Guðjónsdóttir og Kristján Friðbjörn Sigurðsson (umsjón). (2019, 6. október). *Orð af orði: Hinsegin og hýrýrði* (RÚV framleiðandi) [hlaðvarp]. Sótt 22. janúar 2021 af <https://podtail.com/da/podcast/or-af-or-i/hinsegin-og-hyryr-i/>
- Gustafsson Sendén, M., Bäck, E. A., og Lindqvist, A. (2015). Introducing a gender-neutral pronoun in a natural gender language: the influence of time on attitudes and behavior. *Frontiers in Psychology*, 6. DOI: doi.org/10.3389/fpsyg.2015.00893
- Hinsegin frá Ö til A. (2021). *Hán – Kynhlutlaus persónufornöfn*. Sótt 23. apríl 2021 af <https://otila.is/hinsegin-regnhliffin/kynvitund-og-kyntjaning/kynhlutlaus-personufornofn-han-he-hin/>
- Ingileif Friðriksdóttir (þáttastjórnandi). (2019, 27. ágúst). *Tungumálið og hinseginleikinn - Vallý Hirst og Þorbjörg Þorvaldsdóttir* (RÚV Núll framleiðandi) [hlaðvarp]. Sótt 22. janúar 2021 af <https://podcasts.apple.com/gb/podcast/hinseginleikinn/id1474955137>

- Koeser, S., Kuhn, E. A., og Sczesny, S. (2014). Just reading? How gender-fair language triggers readers' use of gender-fair forms. *Journal of Language and Social Psychology, 34*(3), 343–357. DOI: 10.1177/0261927x14561119
- Koeser, S. og Sczesny, S. (2014). Promoting gender-fair language: the impact of arguments on language use, attitudes, and cognitions. *Journal of Language and Social Psychology, 33*(5), 548–560. DOI: 10.1177/0261927x14541280
- Lovísa Arnardóttir. (2021, 27. janúar). Viljum geta notað íslensk orð til að lýsa okkar raunveruleika. *Frettabladid.is*. Sótt 28. janúar 2021 af <https://www.frettabladid.is/frettir/viljum-geta-notad-islensk-ord-til-ad-lysa-okkar-raunveruleika/>
- Neuman, W. L. (2014). *Social Research Methods: Qualitative and Quantitative Approaches* (7. útgáfa). England: Pearson.
- Parks, J. B., og Roberton, M. A. (2000). *Sex Roles, 42*(5), 415–438. DOI: doi.org/10.1023/a:1007002422225
- Prentice, D. A. (1994). Do language reforms change our way of thinking? *Journal of Language and Social Psychology, 13*(1), 3–19. DOI: 10.1177/0261927x94131001
- Samtökin '78. (2015, 5. ágúst). Hýryrði 2015: Nýyrðasamkeppni Samtakanna'78. Sótt 25. janúar 2021 af <https://samtokin78.is/hyryrdhi-2015-nyyrddhasamkeppni-samtakanna-78/>
- Samtökin '78. (2015, 17. nóvember). Burið mitt er vífguma - hýryrði 2015. Sótt 25. janúar 2021 af <https://samtokin78.is/buridh-mitt-er-vifguma-hyryrdhi-2015/>
- Samtökin '78. (2021, 21. janúar). Hýryrði 2020 - niðurstöður. Sótt 27. janúar 2021 af <https://samtokin78.is/hyryrdi-2020-nidurstodur/>
- Sarrasin, O., Gabriel, U., og Gygax, P. (2012). Sexism and attitudes toward gender neutral language: the case of English, French, and German. *Swiss Journal of Psychology, 71*(3), 113–124. DOI: 10.1024/1421-0185/a000078
- Snorri Másson. (2021, 9.maí). Kynhlutlaust mál bannað með lögum. *Visir.is*. Sótt 11. maí 2021 af <https://www.visir.is/g/20212107040d>
- Vala Hafstað. (2021, 11. maí). Í geldinga-dölum ís-lenskunnar: opið bréf til út-varps-stjóra. *Frettabladid.is*. Sótt 11. maí 2021 af <https://www.frettabladid.is/skodun/i-geldingadolum-islenskunnar-opid-bref-til-utvarpsstjora/>
- Það kys enginn að vera kallaður „það“. (2016, 9. janúar). *Mbl.is*. Sótt 21. janúar 2021 af https://www.mbl.is/frettir/innlent/2016/01/09/thad_kys_enginn_ad_vera_kalladur_thad_4/

Viðauki 1

Hér koma skjáskot af spurningunum í spurningakönnuninni til þess að sýna útlit könnunarinnar og valkosti í svörum. Notast var við vefsíðuna Surveymonkey.com. Heiti könnunarinnar var *Viðhorf Íslendinga til kynhlutlausrar orðanotkunar: Félagsfræðileg rannsókn*. Í rannsóknnum er gjarnan gert ráð fyrir valkostunum kona, karl og annað. Kynsegin einstaklingar eiga það til að vilja ekki skilgreina sig sem annað og þess vegna er mikilvægt að hafa valkosti sem henta. Til dæmis, í spurningu 1, má sjá valkosti sem rannsakandi taldi henta betur.

Viðhorf Íslendinga til kynhlutlausrar orðanotkunar

Kæri þátttakandi

Meðfylgjandi er stutt og mikilvæg könnun sem fjallar um viðhorf Íslendinga til kynhlutlausrar orðanotkunar. Niðurstöður verða rýndar og nýttar í skrif fyrir B.A. ritgerð í félagsfræði við Háskóla Íslands. Könnun sem þessi hefur ekki verið gerð áður og er því óskandi að sem flestir taki þátt svo niðurstöðurnar verði sem áreiðanlegastar. Nafn þitt mun hvergi koma fram við úrvinnslu könnunarinnar og ekki verður hægt að rekja svör til einstaklinga.

Könnunin er stutt og tekur að jafnaði um 3 mínútur að ljúka henni.

Með von um svar frá þér,
Lilja Guðmundsdóttir
Leiðbeinandi: Arnar Eggert Thoroddsen

Allt í lagi

1. Hvert er kyn þitt?

- Karl
- Kona
- Kynsegin / Kvár
- Skilgreini kyn mitt á annan hátt
- Vil ekki svara

2. Hvað ert þú gamall/gömul/gamalt ?

- Undir 18 ára
- 18 til 30 ára
- 31 til 50 ára
- 51 til 69 ára
- 70 ára og eldri
- Vil ekki svara

3. Hvert er hæsta menntunarstig sem þú hefur lokið?

- Grunnskólapróf eða minna
- Starfsnám (t.d. sjúkraliða-, hússtjórnunar-, banka- eða ritarnám)
- Lönnám - verklegt nám á framhaldsskólastigi (t.d. sveins-og meistaraþróf, vélstjóra-og stýrimannapróf)
- Bóklegt nám á framhaldsskólastigi (t.d. stúdentspróf, verslunarpróf)
- Grunnám á háskólastigi (t.d. BA, BEd, BS eða viðbótardiplóma)
- Meistaránám í háskóla (t.d. MA, MS)
- Doktorsnám
- Vil ekki svara

4. Hér er listi yfir hinsegin hugtök og kynhlutlaus nafnorð og persónufornöfn. **Hvaða hugtak þekkir þú og skilur hvað það þýðir? Velja má fleira en eitt svar.**

- Algerva (e. pangender)
- Dulkynja/ Vífguma (e. androgynous)
- Eigerva/ ógerva (e. genderless/agender)
- Flæðigerva (e. gender fluid)
- Persónufornafnið Hán (Hé/Hín) (e. they, them)
- Hinsegin (e. queer)
- Kvár (sbr. Kona, Karl)
- Intersexismi, millikynja (e. intersex)
- Kynsegin/ Frjálsgerva (e. non-binary, genderqueer)
- Lífræðilegt kyn / úthlutað kyn
- Síis/sískynja (e. cisgender)
- Trans (e. transgender)
- Tvígerva (e. bigender)
- Þriðja kynið
- Þekki ekki neitt af þessum hugtökum
- Vil ekki svara

5. **Hefur þú notað hugtak/hugtök úr seinustu spurningu, við eða um einstakling á seinustu 12 mánuðum?**

- Já
- Nei
- Veit ekki
- Vil ekki svara

6. **Ef einstaklingur myndi biðja þig um að nota persónufornafnið „Hán“ um sig, myndir þú gera það?**

- Já
- Nei
- Veit ekki
- Vil ekki svara

7. **Finnst þér flókið að nota rétt orð fyrir einstakling sem skilgreinir sig utan hefðbundinnar kynjatvíhyggju þ.e.a.s kona eða karl?**

- Já
- Nei
- Veit ekki
- Vil ekki svara

8. Hversu sammála eða ósammála ert þú eftirfarandi staðhæfingum?

	Mjög sammála	Nokkuð sammála	Hvorki sammála né ósammála	Nokkuð ósammála	Mjög ósammála
Það eru bara tvö kyn: karl og kona.	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Einstaklingar sem skilgreina sig öðruvísi en karl og kona eru að flækja íslenskt mál.	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Mér finnst óþægilegt að nota kynhlutlaus orð vegna þess að ég er hrædd/ur/tt um að gera mistök og særa viðkomandi.	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég vil læra meira um kynhlutlausa orðanotkun og hugtök.	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég myndi ávallt reyna mitt besta ef að einstaklingur biður mig um að nota kynhlutlausa orðanotkun við/um sig.	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Ég skil kynhlutlaus nýyrði og afhverju þau eru til.	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

9. **Að lokum, er eitthvað sem þú vilt bæta við um kynhlutlausa orðanotkun?** (T.d. Hvað finnst þér um kynhlutlausa persónufornafnið Hán? Hvað með nýyrðið Kvár sem kemur í stað kona/karl?)

Lokið